



**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**
www.vverk.is

**Hábrýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögun**
Sími: 456 6600

- VEITINGAR
- SKEMMTUN
- LIFANDI TÓNLIST
- GÓÐ ÞJÓNUSTA



KAFFI EDINBORG
[WWW.KAFFIEDINBORG.IS](http://www.kaffiedinborg.is)



**Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er**
410 4156



Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur 3. júlí 2008 · 27. tbl. · 25. árg.

Byggingarleyfi á Birnustöðum í Laugardal felld úr gildi

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur felld úr gildi hið kærða byggingarleyfi fyrir byggingu vélageymslu að Birnustöðum í Súðavík-urhreppi. Umrætt leyfi sem staðfest á fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps 4. október 2007 var kært af sumarbústaðaeigendum á viðkomandi jörð. Úrskurðarnefndin segir í úrskurði sínum að hún telji að áskilin meðmæli Skipulagsstofnunar þurfi að liggja fyrir áður en sveitarstjórn geti heimilað þær framkvæmdir sem um sé sótt og af því leiði að ekki sé unnt að leggja ákvæðið til grundvallar við afgreiðslu umsóknar um leyfi fyrir þegar byggðu mannvirki. „Skorti því á að fullnægt væri lagaskilyrðum við útgáfu hins umdeilda byggingarleyfis og verður það því felld úr gildi. Leiðir af þeirri niðurstöðu að ekki þykja efni til að fjalla um aðrar málsástæður, en að sumum þeirra hefur áður verið vikið í fyrri úrskurði



nefndarinnar frá 26. júlí 2007“, segir í niðurskurði úrskurðar. Eins og sagt hefur verið frá eru landeigendur Birnustaða og eigandi sumarbústaðar á jörðinni ósammála um staðsetningu vélageymslu fyrir þá

Birnustaðir við Ísafjarðardjúp. Ljós: Mats Wibe Lund. fyrnefndu, en ekki byggingu vélageymslunnar sem slíkrar og á málið sér nokkra forsögu. Eigendur sumarhússins telja að vélageymslan standi of nálægt lóð þeirra og muni valda verulegum grenndaráhrifum

og er þar helst minnst á útsýnisskerðingu, skugga, snjósöfnun og hávaðamengun frá vélum. Landeigendur fengu leyfi fyrir byggingu skemmunnar, en sú leyfisveiting var kærð til Úrskurðarnefndar skipu-

lags- og byggingarmála sem komst að þeirri niðurstöðu að ógilda bæri leyfið. Óskaði Súðavíkurhreppur þá eftir áliti lögmanns sveitarfélagsins sem taldi niðurstöðu nefndarinnar í það minnsta umdeilanlega.



Elías á hærri launum

Laun bæjarstjóra Bolungarvíkur eru lægri en bæjarstjóra í sambærilegum sveitarfélögum. Bæjaryfirvöld gerðu launasamanburð en fram hefur komið í fjölmiðlum að Elías Jónatansson hafi hærri laun er fyrirrennari hans Grímur Atlason eftir að hann settist í bæjarstjórastólinn.

„Laun Elíasar eru byggð á framreikningi launa fyrrverandi bæjarstjóra með launavísitölu. Varðandi bifreiðastyrk Elíasar, þá má og geta þess að kostnaður bæjarfélagsins er u.þ.b. 76 þús. krónur á mánuði. Fyrrverandi bæjarstjóra var lögð til bifreið og var kostnaður vegna hennar 660 þús. á síðasta ári eða 110 þús. á mánuði eða 45% hærri en bílastyrkur núverandi bæjarstjóra“, segir í bókun forseta bæjarstjórnar á síðasta fundi bæjarstjórnar fyrir sumarfrí.

– thelma@bb.is

Leikskólabörn fögnuðu sólinni

Sólarganga leikskólanna á Ísafirði var gengin í brakandi sólskini á miðvikudag í síðustu viku. Þetta var í sjötta sinn sem sólargangan er farin frá því að hún var endurvakin árið 2002. Börn og leikskólakennarar á Sólborg, Eyrarskjóli og Bakkaskjóli söfnuðust saman við Ísafjarðarkirkju og héldu þaðan í skrudgöngu

niður að Silfurtorgi.

Þar var staldrað við til að syngja nokkur lög fyrir vegfarendur. Sólargangan átti að fara fram í vikunni á undan en var frestað vegna veðurs. Óhætt er að segja að það lífgi upp á bæjarlífið þegar litlu sólargeislarnir fagna sólinni á þennan máta.

– thelma@bb.is



Krakkarnir gengu niður á Silfurtorg þar sem sungin voru nokkur lög.



L'úll heimur... hugsum stórt



EIMSKIP
www.eimskip.is

Setti heimsmet í réttstöðulyftu

Ísfirðingurinn Ingibjörg Óladóttir varð Evrópumeistari í +90kg flokki kvenna á móti á vegum heimssambands kraftlyftingamanna (WPF) í Forchheim í Þýskalandi. Ingibjörg setti þá heimsmet í réttstöðulyftu með því að taka 180 kg auk heimsnets í hnébeygju er hún tók 170,5 kg í aukatilraun. Hún byrjaði á 170,5 kg í réttstöðunni og var þá þegar búin að bæta heimsmetið um 5 kg. Í seinni lyftunni tók hún 180 kg og í þriðju reyndi hún við 192,5 kg sem hún náði rétt upp fyrir hné.

Kreppa hefur áhrif á sveitarfélögin

Efnahagslæðin hefur áhrif á afkomu sveitarfélaganna, segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Læðin dregur úr tekjum, eykur skuldir og erfiðara er fyrir sveitarfélög að slá lán. Halldór segist vona að svartsýnin nái þó ekki yfirhöndinni því það gæti haft enn meiri áhrif. Sveitarfélögin ætli ekki að setjast með hendur í skaut og gera ekki neitt. Erfitt sé að gera sér grein fyrir ástandinu í haust þó að líklegt sé að atvinnuleysi aukist eitthvað. Frá þessu var greint á ruv.is.



Unnið er í grjótgarði í Reykjafirði.

Fólk fer að sjá þróun í verkinu

Vegfarendur fara að taka eftir miklum framförum í brúarsmiði í Mjóafirði. Aðspurður um gang mála sagði Gísli Guðnason, verkstjóri hjá verktafyrirtækinu KNH, þegar rætt var við hann á föstudag að búið væri að steypa alla sökklara fyrir bogaundirstöður brúarinnar og byrjað væri að sjóða rör út yfir sundið. „Það er kominn mannskapur í að sjóða saman og þeir eru búnir að skapa sér aðstöðu. Síðan verða bogarnir settir og í framhaldi af því verður brúargólfði soðið saman. Því næst verður

steipt brúardekk og sett niður handrið og annað slíkt. Fólk fer að sjá mjög mikla þróun á verkinu núna“, segir Gísli.

Vegagerð í Djúpinu gengur einnig vel, en vinnumenn eru í frágangi á Vatnsfjarðarhálsi. Þá er vinnu við grjótgarða í Mjóafirði lokið og unnið er að lagningu grjótgarða í Reykjafirði. „Það er búið að leggja 6,6 kílómetra af bundnu slitlagi í Ísafirði, það var gert um síðustu helgi. Svo sígur þetta bara áfram“, segir Gísli Guðnason, verkstjóri hjá KNH.

– halfdan@bb.is



Fólk fer að sjá brúna koma upp í Mjóafirði. Myndir: Mats Wibe Lund.

Dýrasta lághita- borun á Íslandi

Orkubú Vestfjarða hefur gengið frá samningum við Jarðboranir um borun á 1700 metra djúpri holu í Tungudal í Skutulsfirði. Áætlaður kostnaður við borunina er 175 milljónir króna sem gerir þetta að dýrustu borun á lághitasvæði sem um getur á Íslandi.

Að sögn Kristjáns Haraldssonar orkubústjóra er vonast til að umtalsvert

magn af heitu vatni finnist á svæðinu. Hann segir það alls óvíst hvað muni finnast en björtustu vonir manna séu að nægilegt magn heits vatns finnist til að hægt sé að nýta það til að hita upp heimili á Ísafirði. Boranir hefjast í ágúst en að sögn Kristjáns mun það sennilega koma í ljós í október hvort boranir hafi verið árangursríkar.

– nonni@bb.is



Frá framkvæmdasvæðinu í Tungudal.

Umferðarslys í Dýrafirði

Umferðarslys var á Vestfjarðarvegi nálægt bænum Höfða í Dýrafirði á ellefta tímanum á mánudag. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði var ökumaður einn í bílnum en hann mun hafa beinbrotnað. Sjúkrabífreið kom á vettvang og fór með ökumanninn á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði til aðhlýnningar. Að svo stöddu er ekki vitað um orsök slyssins en málið er í rannsókn. Að sögn lögreglu er ljóst að verr hefði getað farið, ökumaður var í bílbelti og það hefði sennilega bjargað lífi hans.

Framkvæmdir hafnar við snjóflóðavarnargarð

Ósafi ehf. hefur hafið framkvæmdir við snjóflóðavarnargarð í Bolungarvík en skrifað var undir samninga um framkvæmdir í síðustu viku. Áætlað er að framkvæmdir standi yfir á árunum 2008-2010 en verkefnið felst í byggingu 710 metra varnargarði og átta snjóflóðakeilna í Traðarhyrnu í Bolungarvík. Áætlað er að um 400 þúsund rúmmetrar af fyllingarefni þurfi í framkvæmdirnar sem fáist innan framkvæmdasvæðisins. Ósafi átti lægsta boð í verkið, 566.781.402 kr., en það var talsvert undir kostnaðaráætlun sem var 727 milljónir króna.

Breytingar á Íbúðalánasjóði hafa ekki mikil áhrif á vestfirska fasteignamarkaðinn

Rólegt er yfir ísfirskum fasteignamarkaði en þó hefur sala og eftirspurn aðeins aukist frá því í mars og apríl. „Þrátt fyrir rólegheit á markaðnum fyrri hluta árs teljum við að markaðurinn fari að komast á eðlilegt skrið á næstunni og einnig það að við höfum ekki orðið varir við neinar verðlækkanir eins og annarsstaðar“, segir Guðmundur Óli Tryggvason, fasteignasali á Fasteignasölu Vestfjarða. Aðspurður segir Guðmundur Óli að breytingar á Íbúðalánasjóði hafi lítil áhrif fyrir Vestfirðinga.

„Í flestum tilvikum er fasteignaverð hér ekki það hátt að

aðilar séu að fullnýta lánsmöguleika íbúðalánasjóðs. Þeir eru nú 20 milljón krónur en voru 18 milljónir áður. Fjármögnun Íbúðalánasjóðs miðast samt alltaf við 80% af kaupverði eigna sem er oftast undir þessu 20 milljóna króna hámarki hér á Vestfjörðum. Breytingarnar hafa því meiri áhrif á þeim svæðum þar sem fasteignaverð er hærri“, segir Guðmundur Óli.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hafa verið gerðar endurbætur á reglum sjóðsins sem hafa í för með sér að við lánveitingar Íbúðalánasjóðs verður viðmið við 80% af

brunabótamati íbúða afnumið og þess í stað verður miðað við 80% af kaupverði eigna. Þetta er gert til að auðvelda ungu fólki að fjármagna fyrstu kaup sín og um leið verður hámarkslán sjóðsins hækkað úr 18 milljónum í 20 milljónir. Guðmundur Óli hefur þó góð tíðindi fyrir tilvonandi fasteignakaupendur. „1. júlí verða stimpilgjöld af veðlánum, sem eru 1,5%, af upphæð til kaupa á fyrstu eign afnumin. Það mun spara fólki töluverðan pening og er tilvalið fyrir það að fara að skoða sig um og sjá hvað er í boði.“

– thelma@bb.is



Fjármögnun Íbúðalánasjóðs miðast alltaf við 80% af kaupverði eigna sem er oftast undir þessu 20 m.kr. hámarki á Vestfjörðum.

Hólskirkja fær andlitslyftingu á aldarafmælinu

Hólskirkja í Bolungarvík verður heldur betur færð í sparibúninginn fyrir aldarafmælið en miklar framkvæmdir eru á dagskrá á kirkjunni á árinu. Þessa dagana er verið að vinna að því að skipta um járn að utan og skipta um gler í rúðum og er því kirkjan umvafin byggingarpöllum eins og glöggir Bolvíkingar hafa væntanlega orðið varir við.

Að sögn séra Agnesar Sigurðardóttir er þetta hluti af framkvæmdum sem hófust fyrir fimm árum en þá var kirkjan löguð til að innan ásamt því að grunnur kirkjunnar var styrktur. Þegar lokið verður við að skipta um járn og gler verður hafist handa við að skipta um járn á þaki kirkjunnar ásamt því að turninn verður lagfærður að utan.



Hólskirkja er umvafin vinnupöllum þessa dagana.

Í lok sumars verður kirkjan máluð að utan en hún mun aðeins verða lokuð þegar hún verður máluð að innan um mánaðarmót september og okóber. Áætlað er að lokið

verði við allar framkvæmdir fyrir afmælishátíð kirkjunnar þegar fagnað verður 100 ára afmæli hennar á öðrum sunnudegi aðventu. Kirkjan var byggð 1908 og vígð sama ár.

Rögnvaldur Ólafsson teiknaði kirkjuna sem hefur nokkra sérstöðu meðal kirkna landsins því hún er ein af fáum kirkjum sem hafa predikunarstólinn yfir altarinu. – nonni@bb.is

Rúv fækkar stöðugildum

Stöðugildum hjá Svæðisútvarpi Vestfjarða verður fækkað um eitt í kjölfar niðurskurðar vegna halla á rekstri Ríkisútvarpsins. „Það er almennur niðurskurður og við erum því að skera niður alls staðar. Það verður síðan tekin ákvörðun í haust um hvort frekari aðgerða sé þörf en við munum reyna halda áfram starfsemi eins og við getum“, segir Páll Magnússon útvarpsstjóri í samtali við blaðið. Páll segir að öðrum fréttamanni Svæðisútvarps Vestfjarða verði sagt upp störfum.

Stöðugildum á Ríkisútvarpinu verður fækkað um 20 vegna halla á rekstri félagsins. Á starfsmannafundi

á mánudag skýrði útvarpsstjóri frá því að stjórnmöld, menntamálaráðherra, hafi ekki staðið við þjónustusamning sem gerður var þegar Ríkisútvarpið var gert að opinberu hlutafélagi. Þar sé kveðið á um að ríkið sjái til þess að framlag til Ríkisútvarpsins sé ekki minna en það var árið 2006.

Stjórnmöld hafa heimilað 5 prósentu hækkun afnotagjalda frá 1. ágúst. Páll segir að sú hækkun hjálpi lítið til að draga úr hallanum sem nemi um 460 milljónum króna. Afnotagjöldin þyrftu að hækka um 20%. Páll segir að með því að fækka um 20 stöðugildi ásamt fleiri aðgerðum sé ráðgert að spara rúmar 180 milljónir króna.

Skipstjórar víðs vegar að af landinu skemmtu sér á Ísafirði

Skipstjórar víða að af landinu komu saman á Ísafirði um helgina en slíkir fundir eru árlegur viðburður. „Við vorum 48 með kvenfólkinu og það var rosalegt fjór“, segir Birgir Hermannsson, skipuleggjandi endurfundanna.

„Við byrjuðum á golfmóti í Tungudal á föstudeginum. Að því loknu var haldin grillveisla í golfskálanum og svo var bara

djammað eins lengi og menn héldu út. Fyrr um daginn fórum við í kirkjugarðinn í Hnífsdal og heiðruðum minningu tveggja bekkjabræðra okkar, þeirra Hermanns Skúlasonar og Ásgeirs Kristjáns Karlssonar. Magnús, presturinn okkar, Erlingsson var með mjög virðulega og skemmtilega athöfn.“

Á laugardag var fjörinu

framhaldið. „Við hittumst í Tjöruhúsinu og fengum okkar hinn fræga fisk Magnúsar Haukssonar og frúar. Síðan fórum við í Vigur og um kvöldið komum við saman í Oddfellowshúsinu þar sem okkar eigin hljómsveit spilaði fyrir dansi. Á sunnudeginum hittumst við í léttum hádegisverði og kveðjuhöfi í Edinborgarhúsinu“, segir Birgir.



Skipstjórar komu saman á Ísafirði um helgina.

„Finnst ótrúlega fallegt á Íslandi“

Nær tvö þúsund ferðamenn hafa komið til Ísafjarðar á skemmtiferðaskipum í sumar en alls er von á rúmlega 11 þúsund farþegum í ár. Að sögn Odds Eliassonar sem vinnur við móttöku skemmtiferðaskipa finnst ferðamönnum mikið til þess koma sem fyrir augum ber. „Flestum finnst mjög gaman að koma til Íslands og margir hafa haft orð á því þeim finnst ótrúlega fallegt hér“, segir Oddur. Ferðamönnum er boðið upp á ýmsar skoðunarferðir við komuna en

eins eru sumir sem skoða svæðið á eigin vegum.

„Fólkið sem velur að fara í ferðir er að fara í hefðbundnar skoðunarferðir um svæðið þar sem Ósvör, sjóminjasafnið og fleira er skoðað. Svo er mjög vinsælt að fara í Vigur en margir sækja sérstaklega í að sjá lundann. Þá vekur það einnig mikinn áhuga ferðamannanna að verða sér úti um minjagrip og má þar nefna límmiða með íslenska fánanum sem hægt er að líma í bílglugga og bæklinga um Ísland

með myndum sem þeir geta teiknað upp eftir“, segir Oddur.

Á þriðja tug skipa hafa bók- að komur sínar til Ísafjarðar í sumar og segir Oddur að það leggist vel í ferðaþjóna. „Þetta hefur gengið mjög vel enn sem komið er en við vorum frekar svartsýn í byrjun sumars og bjuggumst við miklu færri ferðamönnum vegna Evrópu-meistarakeppninnar, en það er búinn að koma mikill fjöldi miðað við það og við höfum verið heppin með veður svo við erum sátt.“



Skemmtiferðaskipið Adriana er eitt þeirra skipa sem komið hefur til Ísafjarðar í sumar.

Alrangt að Anna Guðrún hafi haft upplýsingarnar undir höndum

Anna Guðrún Edvardsdóttir, bæjarfulltrúi A-listans í Bolungarík, segir það alrangt að hún hafi nú þegar undir höndum skriflegar upplýsingar um það af hverju fimm mála-flokkar í sveitarfélaginu fóru fram úr fjárhagsáætlun 2007. „Á bæjarstjórnarfundum þann

12. júní sl. lagði minnihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur fram bókun þar sem fullyrt er að ég hafi þá haft undir höndum skriflegar upplýsingar frá fjármálastjóra um framúrkeyrslu ýmissa mála-flokka. Það er alrangt. Á fundi með fjármálastjóra þann 13. júní

sá ég í fyrsta skipti skýrslu þá sem fjármálastjóri hafði unnið og sent skoðunarmönnum og endurskoðanda bæjarfélagsins. Þann 19. júní sendi fjármálastjóri mér og bæjarstjóra samantekt um frávík frá samþykktu fjárhagsáætlun 2007 í tölvupósti. Um er að ræða

greinargóða samantekt sem svarar að mörgu leyti því sem ég hafði áður óskað eftir að fá upplýsingar um. En jafnframt vakna upp aðrar spurningar sem ég mun leitast eftir að fá skrifleg svör við“, segir í bók-

un Önnu Guðrúnar frá síðasta bæjarráðsfundi.

„Það er hagur allra, bæjarfulltrúa sem almennra bæjarbúa að upplýsingar sem þessar liggi fyrir skriflega. Þannig verða menn upplýstari um

málefni bæjarfélagsins. Á þann hátt verður stjórnsýslan opnari og einmitt þannig vill meirihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur vinna“, segir Anna Guðrún.

– *thelma@bb.is*



Anna Guðrún segir það alrangt að hún hafi haft skriflegar upplýsingar um framúrkeyrslu fimm mála-flokka í Bolungarvík.



Einholt
GUESTHOUSE

Einholt Guesthouse er glænýtt gistiheimili í miðbæ Reykjavíkur með 14 stúdíó íbúðum fyrir allt að 5 manns. Eldhús og baðherbergi í öllum íbúðum. Þráðlaust net.
www.stay.is • einholt@stay.is • 517 4050



Leikskólabörnin voru eins og fjallageitur á leiðinni upp í Naustahvilft. Ljós: Eyrarskjól.

Leikskólabörn gengu upp í Naustahvilft

Börn og starfsfólk af leikskólanum Eyrarskjóla á Ísafirði gengu upp í Naustahvilft í Skutulsfirði um miðja síðustu viku. Það voru elstu börnin á leikskólanum sem voru þar að verki, en þau hafa verið í útiskóla frá og með 13. maí vegna þróunarverkefnisins sem hrint var

úr vör í vör. „Ferðin okkar upp í Naustahvilft gekk frábærlega og allir voru eins og fjallageitur á leiðinni upp. Þegar upp var komið blasti við okkur þetta frábæra útsýni yfir bæinn okkar. Við fengum okkur kex og vatn og skrifuðum í gestabókina. Síðan heldum við niður og

aftur í rútuna til Sófusar og nú lá leiðin inn í Arnardal og þar grilluðum við tortillur í hádegismat. Næsta stopp var í Súðavík, kíktum í Kofrakot og svo í Raggagarð. Skemmtum okkur frábærlega enda er útikjarni svo svakalega skemmtilegur“, segir á vef leikskólans. – *thelma@bb.is*

Luku sveinsprófi í stálsmíði

Sex nemar luku sveinsprófum í stálsmíði í húsnaði 3X Technology á Ísafirði og er það einsdæmi á Íslandi að svo margir stálsmíðinemar útskrifist á sama tíma. Allt árið í fyrra útskrifuðust tveir nemar á landsvísu. „Það sem gerir þetta einnig sérstakt er að allir nemarnir hafa verið á námssamningi hjá 3X Technology og auk þess stundað nám sitt í Menntaskólanum á Ísafirði. 3X

Tecnology og Menntaskólinn á Ísafirði gerðu með sér samning um að fyrirtækið kenndi Stálsmíðum á lokaári, fór sú kennsla fram í framleiðslusal og á Renniverkstæði 3X Technology“, segir í tilkynningu. Sveinsprófin hófust á miðvikudag í síðustu viku. Tveir prófdómur komu að sunnan, þeir Pétur V. Maaack og Leifur Halldórsson. – thelma@bb.is



Nemarnir að loknu sveinsprófi ásamt prófdómurum og framleiðslustjóra 3X Technology, Jakobi Tryggvasyni. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Fjallapassaleikurinn hafinn að nýju

Fjallapassinn, fjallgöngu-leikur á vegum Heilsueflingar í Ísafjarðarbæ, er hafinn að nýju. Leikurinn sló í gegn síðasta sumar en vel á fimmta hundrað fjallgönguferðir voru þá farnar fyrir tilstuðlan hans. „Markmið Fjallapassans er að hvetja einstaklinga og fjölskyldur til að nýta sér þær leiðir til heilsueflingar sem felast í náttúrunni í kringum

okkur og gengur leikurinn út á það að klífa ákveðin fjöll og stimpla í passa með stimplum sem eru að finna á fjöllum. Passarnir eru tvenns konar. Annars vegar fjölskyldupassi sem nefnist Fjölskyldan á fjall og í honum eru gönguleiðirnar upp í Naustahvilt, að Fossavatni og á Mýrafell. Hins vegar er það svo passi með erfiðari gönguleiðum sem

nefnist Sigráðu sjálfan þig og í honum eru leiðirnar á Sauratinda, Óshyrnu og Kaldbak. Auk þessa stimpilleiks er einnig myndaleikur þar sem viðkomandi sendir inn skemmtilega mynd af sér eða samferðafólki sínu í fjallgöngunni“, segir í tilkynningu frá Heilsueflingu. Leikurinn stendur til 15. september og eftir það verður

dregið úr innsendum pössum í beinni útsendingu Svæðisútvarps Vestfjarða og þá einnig tilkynnt hvaða myndir dómnefnd hefur ákveðið að verðlauna. Þau verðlaun sem eru í boði eru mjög vegleg en þar má nefna flugferðir, myndavél, símar, gönguferðir á

Hornstrandir o.s.frv.

Þess má geta að fólk var svo duglegt að fara á fjöll strax í upphafi leiksins að fyrsta prentun af pössunum sem var í dreifingu á Ísafirði kláraðist næstum því. Nú er búið að bæta úr því og fá fleiri passa úr prentun.

Hægt er að nálgast passana í Hamraborg á Ísafirði, Upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði og á öllum bensínstöðvum á svæðinu, þ.e. á Ísafirði, Súðavík, Bolungarvík, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri.

– thelma@bb.is



Suðureyri. Ljós: Mats Wibe Lund.

Fyrirtækjaástin blómstrar á Suðureyri

Ástin blómstrar á Suðureyri að sögn Óðins Gestssonar, framkvæmdastjóra fiskvinnslunnar Íslandssögu, en meðvituð stefna er hjá fyrirtækinu að ráða pör í vinnu. „Mikið af erlendu starfsfólki okkar eru pör en okkur finnst mjög jákvætt að ráða pör til starfa og við teljum að fólk endist betur í vinnunni þannig“, segir Óðinn. Aðspurður hvort fólk fái

ekki leið á því að vera í stanslausu sambandi við maka sinn segir Óðinn svo ekki vera. „Fólk er mjög ánægt með þetta og svo eru náttúrulega um að ræða tvö fyrirtæki, Íslandssögu og Klofning, og í flestum tilfellum er fólk að vinna í sitt hvoru fyrirtækinu.“ Mikil ánægja er með þessu fjölskylduvænu stefnu ef marka má afraksturinn, en mikið er

um barnsfæðingar hjá starfsfólkinu í ár. „Nú streyma börnin út, sum eru nú þegar fædd en von er á öðrum. Kannski að ástarvikan hafi lent í vitlausu bæjarfélagi eða þá að það sé bara praktískt að eignast börn á kaupi. Annars er þetta fólk á þeim aldri og stað í lífinu að barneignir eru rökrétt afleiðing“, segir Óðinn. – thelma@bb.is

ÆTTARMÓT ARNARDALSÆTTAR

HELGINA 11.-13.JÚLÍ VERÐUR HALDIÐ ÆTTARMÓT ARNARDALSÆTTAR Á HÖFUÐBÓLI HENNA Í ARNARDAL VIÐ SKUTULSFJÖRD. MÓTIÐ ER ÆTLAÐ NIÐJUM BÁRÐAR ILLUGASONAR (F. UM 1710) OG GUÐNÝJAR JÓNSDÓTTUR, ÁBÚENDA Í ARNARDAL UM MIÐJA 18.ÖLD.

DAGSKRÁ

KVÖLDVÖKUR FÖSTUDAGS- OG LAUGARDAGSKVÖLD.
MESSA VIÐ FJÖRUBORÐIÐ LAUGARDAGSMORGUN
GÖNGUFERÐIR MEÐ LEIÐSÖGN
MUURIKKA- GRILLVEISLA
LAUGARDAGSKVÖLD ÝMISLEGT TIL GAMANS GERT
EINS OG AÐ RÝNA Í SÖGU ARNARDALSÆTTAR

KVÖLDVERÐUR OG SKEMMTUN LAUGARDAGSKVÖLD 3500 KR.
AÐGANGUR AÐ KVÖLDVÖKUM 1000 KR HVORT KVÖLD
HELGAÐVALARGESTIR 1500 (KVÖLDVÖKUR OG TJALDSTÆÐI)
16 ÁRA OG YNGRI MEÐ FORRAÐAMÖNNUM ½ GJALD



HÆGT VERÐUR AÐ TJALDA Í DALNUM – GRILL Á STAÐNUM
NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA ÚLFAR 864-0319 OG ANNSKA 860-6062
WWW.ARNARDALUR.IS

Kepptu á smábæjaleikunum á Blönduósi

Um 40 krakkar frá norðanverðum Vestfjörðum kepptu í knattspyrnu á Smábæjaleikunum á Blönduósi fyrir stuttu en þeir skipuðu sameiginlegt lið Bolvíkinga, Súdvíkinga og Súgfirðinga undir nafninu Vestfirðir. Vestfirðingarnir í 7. flokki og 4. flokki kvenna höfnuðu í 4. sæti og 6. flokkur karla hafnaði í 6. sæti, 5. flokkur karla í því þriðja og 4. flokkur karla hafnaði í 12. sæti og telst það gott því megnið af liðinu skipuðu strákar úr 5. og 6. flokki. „Þrátt fyrir kulda og trekk á vellinum komu allir ánægðir og veðurbarðir til síns heima eftir skemmtilega helgi. Ekki urðu keppendur varir við ísbirni á fótboltavellinum, enda eru þær skepnur helst til þungstígar til knattspyrnuíðkunar“, segir á vef UMFB.

Ritstjórnargrein

Þau hafa gleymst

Í greinargerð Margrétar Geirsdóttur, forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og Maríu Jónatansdóttur, fulltrúa á sömu skrifstofu, um öldrunarmál, sem greint var frá í BB fyrir skömmu, kom fram að nær 40 einstaklingar eru í brýnni þörf fyrir búsetu á hjúkrunarheimilum í Ísafjarðarbæ. Fram kom að til staðar séu 19 hjúkrunarrými, sem öll séu tveggja manna nema eitt. Í greinargerð þeirra Margrétar og Maríu segir m.a.: „Hjúkrunarrými inni á Heilbrigðisstofnuninni er engan veginn ásættanlegt úrræði fyrir einstaklinga sem eru í brýnni þörf fyrir hjúkrunarheimili. Það er úr takti við nútíma viðhorf til persónuréttar að á sjúkrastofnun séu skilgreind hjúkrunarrými. Það er ekki ásættanlegt að þeir 19 aðilar sem búa á Heilbrigðisstofnuninni í skilgreindum hjúkrunarrýmum séu búsettir þar.“

Á komandi hausti verða liðin tvö ár frá því að þáverandi heilbrigðisráðherra lýsti því yfir að á næstu fjórum árum yrðu byggð 174 hjúkrunarrými og þar af yrðu 10 á Ísafirði. Heimamenn fögnuðu þessari ákvörðun. Að venju fór athöfnin ekki fram í kyrrþey. Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Margrét Geirsdóttir, þá ráðgjafi á Skóla- og fjölskylduskrifstofunni, voru tilkvödd til vitnis framtakssemi ráðherra. Bæjarráð Bolungarvíkur lýsti yfir stuðningi við málið og óskaði jafnframt að tekið yrði heilstætt á málefnum eldri borgara á svæðinu öllu. Menn sáu fyrir sér nýtt hjúkrunarheimili á Ísafirði 2010.

Á að ganga á rétt hinna öldruðu? spurði BB í leiðara við lok Hundadaga, 23. ágúst 2007. Í blaðinu var opnuviðtal við Margréti Geirsdóttur, sem þá hafði nýverið tekið við sem forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofunnar. Þar sagði hún að svo virtist sem heilbrigðisráðuneytið hafi dregið aðeins í land með fyrri yfirlýsingar um að hér yrði byggt hjúkrunarheimili á næstu árum: „Og ef ráðuneytið ætlar að draga í land finnst mér það mjög alvarlegt.“ Leiðaranum lauk með þessum orðum: Við getum ekki með neinum móti sætt okkur við að ráðherraskipti komi í veg fyrir, eða dragi á langinn, að þau 10 hjúkrunarrými sem búið var að ákveða að yrðu byggð, verði ekki reist á áður tilteknum tíma. Það dugir ekki að áhyggjulaust ævikvöld hinna öldruðu sé aðeins að finna í orði kveðnu.

Áfram rennur úr stundaglasinu án þess að nokkuð bóli á efndum á loforði ráðherra heilbrigðismála frá því í nóv. 2006. BB sér því ástæðu til að rifja upp staðreyndir málsins og taka undir að „það er úr takti við nútíma viðhorf til persónuréttar að á sjúkrastofum séu skilgreind hjúkrunarrými.“ Ríkisstjórn sem hefur heitið því að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja getur sóma síns vegna ekki slegið þessu brýna máli á frest. Sagan vitnar um hversu oft hinir öldnu hafa gleymst. Þeir geta ekki endalaust setið á hakanum.

s.h.

Á þessum degi fyrir 47 árum

Samið á Vestfjörðum

ÍSAFIRÐI, 3. júlí. Eins og kunnugt er, hefur ekki komið til neins verkfalls á Vestfjörðum, en fyrir nokkrum dögum hófst samningaumleitanir milli Alþýðusambands Vestfjarða og Vinnuveitendafélags Vestfjarða og voru samningar undirritaður 1. júlí sl.

Aðalbreytingin frá fyrri samningi er sú að kaupgjald hækkar yfirleitt um 12% og eftirvinna greiðist með 55% álagi á dagvinnu. Ekki greiða vinnuveitendur framlag í styrktarsjóð verkamanna. Kvöldmatartími verður ekki greiddur, þótt unnið sé eftir þann tíma, eins og mun vera víðast hvar á landinu.

Eftir þessum nýja samningi verður karlmannskaup kr. 23,15 í dagvinnu og kvennakaup kr. 19,00.

Ennfremur voru gerðar nokkrar smábreytingar til samræmis við samninga annars staðar á landinu.

Starfsemi Innheimtustofnunar hafin

Starfsemi útíbús Innheimtustofnunar á Flateyri hófst 1. júlí sl. Sjö sóttu um störf hjá stofnuninni, fimm um skrifstofustörfin og tveir um stöðu lögfræðings. Að því er fram kemur á ruv.is hefur forstjóra Innheimtustofnunarinnar verið falið að ganga frá ráðningu við einn lögfræðing og einn skrifstofumann, en starfsmennirnir verða þjálfaðir í Reykjavík í eina til tvær vikur. Stefnt er að því að starfsmenn verði orðnir þrír á þessu ári og þrír bætist við á næsta ári.



Margrét Rún Rúnarsdóttir fann fiskinn í Engidal.

Vogmær fannst í Engidal

Furðulegur fiskur fannst í Engidal í Skutulsfirði í síðustu viku og eftir nánari eftirgrennslan kom í ljós að þetta var flatfiskur af tegundinni vogmær. Vogmær verður allt að þrír metrar að lengd en er afar þunnvaxin. Einn langur bak-

uggi gengur eftir endilöngu bakinu og er hann rauður á lit en sjálf er vogmærin silfurgrá með rauðan sporð. Vogmær er uppsjávarfiskur sem lifir sunnan við land og kemur stöku sinnum í veiðarfæri sjómanna. Að því er fram kemur

á Vísindavefnum rak 100-200 slíka fiska á land við Arnarfjörð á ofanverðri 19. öld.

„Í Grímsey var sú trú að ef vogmey sem stundum er kölluð vogmeri ræki á land skyldi annað hvort flytja hana á haf út eða brenna með þeim

hætti að reykinn legði á haf út. Ef til hvorugra þessara ráða yrði gripið mátti búast við skipskaða“, segir á vef Náttúrustofu Austurlands og svo sannarlega er vonað að ekki sé fótur fyrir þeirri hjátrú.

– *thelma@bb.is*



Vogmærin er afar sérkennileg í útliti.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólögðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* · Jón Gunnarsson, símar 456 4560 og 848 4847, *nonni@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*.
Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ·
Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Víkingaskip smíðað á Þingeyri

Víkingaskip hefur litið dagsins ljós á Þingeyri en stefnt er að því að sjósetja það um helgina. „Báturinn er klár en við eigum eftir að setja upp mastur og stýri. Segl fáum við ekki fyrr en í næstu viku og það á eftir að ganga frá ýmsu varðandi haffæri. En báturinn verður vonandi kominn í nothæft stand áður en langt um líður“, segir Valdimar Elíasson skipamiður. Skipið er smíðað í tengslum við Víkingaverkefnið á Þingeyri og er ætlunin að bjóða fólki upp á siglingar á því í Dýrafirði. „Hugmyndin er að bjóða ferðafólki upp á

siglingar og við munum gera prufu á því í sumar ef allt gengur eftir. Svo verður líklega farið í einhverjar ferðir á skipinu en það á eftir að ákveða það allt betur“, segir Valdimar. Báturinn er 12 metra langur og þriggja metra breiður. Að sögn Valdimars tekur hann um 6 ár á hvort borð. Mun hann rúma 15-18 manns. Smíði skipsins hefur tekið rúma fjóra mánuði en það er úr tré og smíðað á gamla mátann að fyrirmynd Gaukstaðaskipsins margrómaða. Víkingaskipið er komið undir bert loft og geta vegfarendur

barið það augum á Þingeyrarodda. Áhugamannafélagið Víkingar á Vestfjörðum hefur staðið fyrir mikilli uppbyggingu í menningartengdri ferðahjónustu og til að mynda hefur verið byggt útivistarsvæði í víkingastíl við Þingeyrarodda sem er miðpunktur hinnar árlegu víkingahátíðar Dýrafjarðardaga. Víkingar á Vestfjörðum voru stofnaðir árið 2003 til að halda utan um Gísla sögu Súrssonar verkefnið sem er eitt stærsta menningartengda ferðahjónustuverkefnið á landinu.

– thelma@bb.is



Víkingaskipið er glæsilegt að sjá. Mynd: Valdimar Elíasson.

„Íbúar þurfa að taka þátt í uppbyggingu með bæjaryfirvöld í broddi fylkingar“

Minnihlutinn í bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur lýst yfir vonbrigðum með að endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 hafi ekki verið lögð fram á síðasta bæjarstjórnarfundi fyrir sumarfrí. „Ljóst er að vinna við endurskoðunina var á lokastigi fyrir meirihlutaskiptin fyrir tveimur mánuðum síðan og því sætir furðu að meirihlutinn skuli ekki sjá sér fært að klára verkið fyrir sumarfrí. Af þessum sökum er erfitt að ræða þriggja ára áætlun á grundvelli þess að ekki er vitað hvar á að skera niður eða hverju á að breyta. Þær forsendur sem við horfum á í dag hljóta að vera þær forsendur sem þriggja ára áætlun þarf að taka mið af“,

segir í bókun minnihluta. Í bókuninni segir jafnframt: „Frá því að núverandi meirihluti tók við hefur umræðan fyrst og síðast snúist um fjármál og fulltrúar meirihlutans gert tilraun til að sá efasemdarfræjum um störf og heiðarleika einstakra bæjarfulltrúa og starfsmanna bæjarins. Það hefst ekkert með slíkri umræðu sé á annað borð verið að vinna að uppbyggingu en ekki niðurrifi. Á starfstíma fráfarandi meirihluta urðu sannarlega mikil umskipti í bænum sem blésu byr í seglin og bjartsýni ríkti sem meðal annars mátti sjá á framkvæmdagðei, tiltekt og aukinni almenntri snyrtimennsku bæjarbúa sem og vaxandi áhuga þeirra á

samfélagi sínu. Megin áhersla var lögð á að upplýsa fólk með opinni og gegnsærri stjórnsýslu. Fyrstu skrefin í átt til rafrænnar stjórnsýslu voru meðal annars stig-in. Ljóst er að íbúar bæjarins hafa séð nýjan tilgang í þessu samfélagi og voru tilbúnir að taka þátt í nýrri, framsýnni uppbyggingu. Dæmi um þetta er að fjöldi íbúa Bolungarvíkur stóð í stað þrátt fyrir stór áföll á sviði atvinnumála í bænum á þessu tímabili. Ljóst er að það sem samfélagið þarf er drifkraftur, bjartsýni og dug en ekki stöðnun, niðurrifsstarfsemi, gróusögur og afturhald. Allir íbúar þurfa að taka þátt í uppbyggingu og jákvæðni með bæjaryfirvöld í

broddi fylkingar.

Það verður að teljast nokkuð einkennilegt að í boðuðum aðhaldsaðgerðum er heldur gefið í hvað varðar launagreiðslu til bæjarstjóra. Mánadarlaun við bæjarstóraskeipti hækka um kr. 100.000.- á mánuði, en laun hans eru auk þess bundin launavísitölu sem laun fyrri bæjarstjóra voru ekki. Ætla má að laun nýráðsins bæjarstjóra sem nú eru kr. 715.000.- verði þannig komin í um það bil kr. 833.000.- krónur í lok kjörtímabils miðað við spá um launavísitölu. Þá er ónefnd breyting til hækkingar á bílastyrk og kostnaður við starfslok fyrirverandi bæjarstjóra. Á sama tíma er lögð fram þriggja ára áætlun

þar sem gert er ráð fyrir verulegri lækkun launaliðar bæjarfélagsins sem ekki verður séð að náist með öðru móti en að segja upp fólki. Þá er ekki að sjá mikið hugmyndaflug, bjartsýni eða baráttuhug í þriggja ára áætluninni í mögulegri tekjuöflun fyrir sveitarfélagið. Boðuð hafa verið þau vinnubrögð að nú skuli gætt vel að útboði verka og verkefna á vegum bæjarins og hagkvæmstu niðurstöðu leitað. Minnihlutinn tekur undir það nema aðstæður skapist til annars og mun fylgjast grannt með að svo verði gert. Bókun formanns bæjarráðs Önnu G. Edvardsdóttur frá fundi bæjarráðs þann 23. júní er enn og

aftur til þess fallin að varpa rýrð á vinnubrögð bæjarfulltrúa og starfsmanna bæjarins. Samkvæmt heimildum minnihlutans voru þessar upplýsingar aðgengilegar formanni bæjarráðs fyrir nokkrum vikum og henni færðar þær eins og öðrum bæjarráðsmönnum. Það er reynsla minnihlutans að starfsmenn bæjarins hafa verið boðnir og búnir við að veita allar upplýsingar sé þeirra leitað. Aðferð formanns bæjarráðs og oddvita A-lista við að sækja sér eðlilegar og sjálfsagðar upplýsingar í gegnum bókannir hefur þann eina tilgang að kveikja neikvæða umræðu í samfélaginu bæði inn á við og út á við.

– thelma@bb.is

Mýrararblak um verslunarmannahelgina?

Undirbúningur fyrir Evrópumeistaramótið í mýrarbolta fer senn að komast á fullt skrið en hugsanlega gæti hliðarmót verið haldið á sama tíma. Ekki nóg með að Ísafjörður hýsi Evrópumeistaramót heldur gæti nýtt heimsmeistaramót í mýrarblaki einnig verið haldið í fyrsta sinn. Jóhann Bæring Gunnarsson, aðalritari Mýrarboltafélags Íslands, segir þetta eina af hugmyndunum sem verið er að víðra fyrir verslunarmannahelgina.

„Við erum að kanna áhuga fólks á þessu og öðrum hugsanlegum nýjungum fyrir næsta

mót. Þetta er ekkert komið á hreint en það yrði ekki ama-legt að vera með heimsmeistaramót í bænum. Ef við ákveðum svo að prófa þetta færum við strax í það að skrifa alþjóðleg lög og reglur um mýrarblak“, segir Jóhann. Hann segir að verið sé að vinna í því að ráða umsjónarmann eða svokallaðan drullusokk fyrir mótið og ættu málin að skýrast í nálægri framtíð. Vill hann einnig benda fólki á að ef það hefur hugmyndir um nýjungar fyrir næsta mót eigi það endilega að hafa samband, allar tillögur séu vel þegnar.

– nonni@bb.is



Frá mýrarboltamótinu í fyrra.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Læknaritari

Heilbrigðisstofnunin auglýsir eftir læknaritara/ritara til starfa á sjúkrahúsinu og heilsugæslustöðinni á Ísafirði. Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og stofnanasamningi HSÍ.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásthildur Ólafsdóttir í síma 450 4500, netfang: adda@fsi.is. Vinsamlegast sendið umsóknir til Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, Torfnesi, 400 Ísafirði, fyrir 10. júlí. Umsóknareyðublað er að finna á vefnum www.fsi.is undir viðkomandi starfsauglýsingu.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.

Fullviss um að varnarvirkin veiti nauðsynlegt öryggi og skjól

Ragna Magnúsdóttir, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur segir það sérstakt fagnaðarefni að framkvæmdir geti loks hafist við snjóflóðavarnargarð til varnar byggð í Bolungarvík. „Ég er þess fullviss að þrátt fyrir þessi varnarvirki sem senn rísa í hlíðum fjallsins, komi Bolvíkingar ennþá til með að eiga falllegustu fjöll í heimi sem veita það öryggi og skjól sem hverjum manni er nauðsynlegt að eiga, jafnt á köldum vetri er norðangarrinn blæs snjónum í skafli á hlíðum fjallanna hér í kring, sem og á fallegum sumardegi sem þessum“, sagði Ragna í ræðu sinni við undirritun verksamnings vegna byggingar snjóflóðavarnargarðs í Bolungarvík.

Markmið varnanna er að verja byggðina undir Traðargili og Ytragili gegn snjóflóð-

um og tryggja í leiðinni öryggi íbúa bæjarins eins og kostur er, en samkvæmt áhættumati sem kynnt var árið 2002 kom fram að verulegur hluti Bolungarvíkur er á hættusvæði með tilliti til ofanflóða. „Aðdragandi að gerð þessa varnarvirkis, sem rísa á hér í hlíð Traðarhyrnu, á sér langa sögu sem ekki er ætlunin að rekja hér nema í stuttu máli. Sú leið sem hefur þurft að ganga, að upphafi þessa verks, hefur oft á tíðum þótt torsótt og reynt á þolrif sveitastjórnanna og íbúa staðarins, þá sérstaklega þeirra íbúa sem búa undir hlíðinni og hafa þurft að yfirgefa hóbýli sín á ögurstundum.

Vinna við gerð hættumats fyrir Bolungarvík hófst árið 1994 samkvæmt þágildandi reglugerð, en vinnu við verkið var frestað vegna snjóflóða-

slysa á Ísafirði árið 1994 og í Súðavík og á Flateyri árið 1995 sem kostuðu 34 mannlíf og ollu miklu eignartjóni. Gjörbreyttu þessi slys afstöðu landsmanna til snjófljóða-hættu og snjóflóðavarna og opnuðu augu manna fyrir því að hættan við snjóflóð var langt umfram það sem telja mátti ásættanlegt.

Árið 1997 féll snjóflóð á þrjú hús við Dísarland í Bolungarvík og var það nokkuð áfall fyrir íbúa staðarins, því fram að þeim tíma má segja að mikill meirihluti Bolvíkinga hafi verið þeirrar skoðunar að tiltölulega lítil hætta væri af snjóflóðum í hlíðinni neðan Traðarhyrnu, heldur væri frekar hætta af grjóthruni

og staksteinum úr fjallinu.

Á þeim tíma þótti hverjum manni ljóst að flýta þyrfti umræðu um varnir í Bolungarvík og ákvað bæjarstjórn á þeim tíma í samráði við umhverfisráðuneytið og Framkvæmdasýslu ríkisins að hefjast þegar handa við tillögugerð og undirbúning að hönnun varnarvirkja í Bolungarvík.

Þá unnu heimamenn í samvinnu við Almannavarnir ríkisins og Veðurstofu Íslands áætlun um rýmingu húsnæðis í Bolungarvík sem miðaði að því að forða fólki undan hugsanlegu snjóflóði þegar veður- aðstæður og snjósöfnun í fjallinu bentu til þess að hætta gæti verið á ferðum. Átti rýming húsnæðis að vera megin-

þáttur í vörnum þar til viðunandi varnarvirki væru risin.

Varnargarðurinn, sem hannaður er af Línuhönnun hf. verkfræðistofu og Landmótun ehf. og rís nú í hlíðum Traðarhyrnu, verður 18–22 metra hár og gert er ráð fyrir að framkvæmdatími við reisingu mannvirkjanna verði 2–3 ár. Keilurnar sem standa ofar garðsins verða 11 metra háar og áætlað er að um 400 þúsund rúmmetrar af fyllingarefnum fari í garðinn og er framkvæmdasvæðið um 10 ha að stærð.

Skipulag svæðisins gerir ráð fyrir að mannvirkin og svæðið í heild sinni nýtist til útivistar, útsýnis og göngu-ferða og reynt verður eins og

frekast er kostur að fella mannvirkin að sínu nánasta umhverfi.

Er það verktakafyrirtækið Ósafl sf. sem var lægstbjóðandi í gerð varnarvirkjanna sem og gerð jarðganga undir Óshlíð en það verk er þegar byrjað og er það sérstakt ánægjuefni. Það er einnig gleðilegt að náðst hafi hagstæðir samningar við fyrirtækið og hægt verði að samþætta þessi tvö stóru verk sem nú standa fyrir dyrum í Bolungarvík og eiga án efa eftir að hleypa nýju lífi í innviði samfélagsins og efla kjark, dug og þor bæjarbúa“, sagði Ragna Magnúsdóttir, forseti bæjarstjórnar í ræðu sinni.

– *thelma@bb.is*



Frá Bakkavíkurmótinu í golfi.

Chatchai sigraði á Bakkavíkurmótinu

Góð þátttaka var í Bakkavíkurmótinu í golfi sem fram fór á Syðridalsvelli um helgina. Golfarar fjölmenntu á mótið þrátt fyrir leiðindaveður og létu vætu og vinda ekkert á sig fá. Alls voru 71 skráðir til leiks, 5 í unglingaflokki, 15 í kvennaflokki og 51 í karlaflokki. Úrslit mótsins voru sem hér segir:

Unglingaflokkur með forgjöf:

- Óli Rafn Kristinsson GÍ á 78 höggum
- Daníel Ari Jóhannsson GBO á 87 höggum

Unglingaflokkur án forgjafar:

- Anton Helgi Guðjónsson GÍ á 90 höggum
- Nikulás Jónsson GBO á 94 höggum
- Daði Arnarsson GBO á 121 höggi

Kvennaflokkur með forgjöf:

- Bjarney Guðmundsdóttir GÍ á 83 höggum
- Steinunn Helgadóttir GKG á 86 höggum
- Brynja Haraldsdóttir GP á 87 höggum

Kvennaflokkur án forgjafar:

- Anna Ragnheiður Grétarsdóttir GÍ á 89 höggum
- Sólveig Pálsdóttir GÍ á 99 höggum
- Valdís Hrólfsdóttir GBO á 104 höggum

Karlaflokkur með forgjöf:

- Pétur Jónsson GBO á 69 höggum
- Óttar Kristinn Bjarnason GBO á 71 höggi
- Hjalti Proppé GGL á 72 höggum

Karlaflokkur án forgjafar:

- Chatchai Phothiya GBO á 81 höggi
- Halldór Rafnsson GA á 82 höggum
- Rögnvaldur Magnússon á 82 höggum

Einnig voru veitt fjölmörg aukaverðlaun s.s. fyrir lengsta teighöggð og nándarverðlaun. Mótið er hluti af mótarið Vestfirskra sjávarútvegsfyrirtækja og það þriðja í röðinni þetta sumarið.

– *nonni@bb.is*



Það var mikið áfall fyrir bæjarbúa þegar snjóflóð féll á þrjú hús við Dísarland í Bolungarvík 1997.

Sérverkefni í útlendingamálum unnin á Ísafirði

Lögfræðingur hefur verið ráðinn til starfa hjá sýslumanninum á Ísafirði til að vinna að sérverkefnum á sviði útlendingamála á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hann

starfar undir stjórn og handleiðslu sýslumanns. Verkefnið er ótímabundið. Lögfræðingurinn mun í upphafi fá starfsþjálfun hjá Útlendingastofnun, sýslumanninum á Ísafirði

og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu en að því búnu starfa einvörðungu á sýsluskrifstofunni á Ísafirði.

Verkefnið er liður í átaki stjórnvalda til styrktar atvinnu-

lífi á Vestfjörðum og hafa Haukur Guðmundsson, settur forstjóri Útlendingastofnunar, og Kristín Völundardóttir, sýslumaður á Ísafirði, haft veg og vanda af framkvæmd þess.

Brúin að líkindum tilbúin í september

Brúin yfir Hjarðardalsá í Dýrafirði hefur nú verið rifin og stendur til að byggja nýja í sumar. Fyrir þá sem ekki eru staðkunnugir í Dýrafirði er Hjarðardalur rétt innan Gemlufalls og var komið að brúnni skömmu eftir að sveigt var

inn fjörðinn eftir Gemlufallsheiði. „Brúin sem var einbreið var rifin um daginn og brúarvinnuflokkur Vegagerðarinnar er að byggja nýja“, segir Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði. „Ánni var veitt með bráða-

birgðaræsi á meðan. Þessi nýja brú, sem verður að sjálf-sögðu tvíbreið, verður byggð í sumar og við reiknum með því að verklök verði í september.“ Meðan á framkvæmdum stendur verður notast við hjáleik og fyrrnefnt bráða-

birgðaræsi. Því ríður á að menn aki varlega á þessum slóðum meðan á framkvæmdum stendur. „Að nýju brúnni kemur síðan nýr vegur sem á eftir að minnka hryggina að ánni“, segir Geir.

– *halfdan@bb.is*



Keppendur í hálfmaraþoni við ræsingu í Bolungarvík.

Valur og Guðbjörg sigr- uðu í Óshlíðarhlaupinu

Valur Þórsson og Guðbjörg Rós Sigurðardóttir sigruðu í hálfmaraþoni Óshlíðarhlaupsins sem haldið var um helgina. Mótið fór vel fram þrátt fyrir veður en það rigndi niður á hlaupara í kuldaveðri. Að sögn hlaupastjórans, Jóns Páls Hreinssonar, var þátttaka ágæt í ár en veður setti þó eitthvað

strik í reikninginn, sérstaklega í skemmtiskokkinu þar sem mæting var frekar dræm miðað við síðustu ár. Auk hálfmaraþons var keppt í 10 km en þar sigruðu Þorsteinn Magnússon í karlaflokki og Jóna Sigríður Halldórsdóttir í kvennaflokki. Að sögn hlaupstjórans létu þátt-

takendur veðrið ekkert á sig fá enda enduðu hlauparar í heita pottinum til að ná mesta hrollinum úr. Óshlíðarhlaupið var haldið nú í 16. sinn en Árni Aðalbjarnarson er eini hlauparinn sem hefur aldrei látið sig vanta og hefur hlaupið í öll skiptin. – nonni@bb.is



Árni Aðalbjarnarson tók þátt í sínu 16. Óshlíðarhlaupi.

Kaupmannasamtökin styrkja vestfirsk verkefni

Þrjú vestfirsk verkefni hafa fengið styrk frá Kaupmannasamtökum Íslands til að hlúa að varðveislu verslunarsögu. Kaupmannasamtökin hafa veitt styrki til þeirra aðila sem hafa unnið að því að varðveita hús og aðrar minjar sem tengjast verslunarsögu landsins og í ár fóru þrír hæstu styrkir af sex, 700.000 krónur hvor, vestur á firði. Styrkirnir voru afhentir af Benedikt Kristjánssyni, formanni samtakanna, við hátíðlega athöfn í Einarshúsi í Bolungarvík um síðustu helgi. Einarshús í Bolungarvík fékk styrk en þar var verslun Péturs Oddssonar og síðan



Benedikt Kristjánsson, fyrir miðju, ásamt styrkþegum. verslun Einarar Guðfinnssonar. Einnig fékk áhugamannahópur um endurbyggingu fyrsta verslunarhúss Einarar Guðfinnssonar styrk. Þá hlaut Minjasafn Önundarfjarðar

styrk vegna verslunarhúss „Bræðurnir Eyjólfsson“ á Flateyri en þar er búið að setja upp safn í versluninni og viðhaldin íbúð kaupmannsins til sýnis.



Kanna aðgengismál hreyfihamlaðra á Ísafirði

Tvær ungar konur, Arna Sigríður Albertsdóttir og Elma Guðmundsdóttir, hafa tekið það að sér að gera úttekt á aðgengismálum fyrir hreyfihamlaða og aðra sem búa við skerta hreyfigetu á Ísafirði. Stúlkurnar sem báðar eru í Menntaskólanum á Ísafirði eru hreyfihamlaðar. Þær ætla að skoða hvernig er að sækja þjónustu á Ísafirði með tilliti til aðgengis. Til að fá sem raunhæfasta mynd af aðgengismálum var óskað eftir liðsinni þeirra sem upplifa hindranir. Gerð verður úttekt á opinberum stofnunum, verslunum og öðrum þjónustuaðilum á Ísafirði ásamt því sem gangstéttarmál í Hafnarstræti og Aðalstræti verða tekin út. Markmiðið er að koma á framfæri ábendingum til byggingarnefnda um úrbætur á sviði ferilmála. Einnig er talið mikilvægt að benda verslunareigendum og þjónustuveitendum á svæðinu á ábyrgð þeirra að gefa öllum tækifæri á að nýta sér þjónustu þeirra. Stúlkurnar hafa nú þegar talsverða reynslu af aðgengi fyrir hreyfihamlaða á Ísafirði og segja því að verkið leggist vel í sig, hins vegar sé mikið verk fyrir höndum þar sem margt má betur fara.

– Hvernig kom það til að þið voruð valdar í þetta starf?

„Sóley Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum hafði samband við okkur og bauð okkar þetta verkefni,“ segir Arna.

–Og hvenær byrjuðu þið á verkinu?

„Við skrifuðum undir samninginn 26. maí og síðan þá höfum við verið að undirbúa okkur,“ segir Elma.

„Við erum farnar að gera ramma utan um það hvernig við ætlum að vinna verkefnið og byrjaðar á uppsetningu heimasíðu. Við erum ekki farnar að taka út fyrirtæki og opinberar stofnanir en við ætlum að fara um allt á Ísafirði og einnig að taka út gangstéttir bæjarins,“ segir Arna.

– Hver er ykkar reynsla af aðbúnaði fyrir hreyfihamlaða á Ísafirði?

„Það þarf að bæta ansi mikið. Gangstéttir og fleira er ekki í góðu standi sem gerir hreyfihömluðum erfitt að komast leiðar sinnar,“ segir Elma.

„Það er margt sem hefur verið gert en það virðist flestallt vera hálfklárað. Hugsunin er góð en það bætir ekki hag okkar. Ég get tekið Edinborgarhúsið sem dæmi. Þar inni er gert ráð fyrir að maður komist leiðar sinnar á hjólastól en innangangurinn er ekki ætlaður fyrir okkur. Ég kemst allavega ekki sjálf inn í húsið,“ segir Arna og Elma tekur undir.

Ætla að búa til heimildamynd

– Hvernig hafið þið hugsað ykkur að sinna verkinu?

„Við ætlum að leyfa fólki að fylgjast með gangi mála á heimasíðunni okkar og gefa

fólki ábendingar um það sem betur má fara. Og svo ætlum við að búa til litla heimildamynd til að hjálpa fólki við að gera þær breytingar sem þarf að gera. Að verki loknu skilum við inn skýrslu til svæðisskrifstofunnar. Við ætlum ekkert að fara og skamma fólk fyrir það sem vantar upp á svo aðgengi fyrir hreyfihamlaða verði gott. Við verðum ekkert brjálaðar ef hlutirnir eru ekki í lagi sko,“ segir Arna og hlær.

– Þið þurfið vitaskuld að kljást við þær hindranir sem hreyfihamlaðir þurfa að glíma við í samfélaginu á hverjum degi, hvernig leggst verkefnið í ykkur?

„Bara mjög vel. Það mun nýtast okkur mjög vel að verkefninu hafi verið hrint úr vör þannig að það er okkar hagar líka.“

– Væri ekki betra ef farið væri að fordæmi svæðisskrifstofunnar í fleiri sveitarfélögum og látn gera úttekt á aðbúnaði fyrir hreyfihamlaða.

„Jú og það einmitt mundi nýtast okkur líka mjög vel því við þurfum við að ferðast á milli sveitarfélaga eins og aðrir. Ég veit ekki til þess að önnur sveitarfélög hafi farið þessa leið að fá hreyfihamlaða til að gera úttekt á aðgengi í sveitarfélögum, en ef svo er þá er það mjög jákvætt.“

Önnum kafnar menntaskólastelpur

– Þið eruð báðar mjög ungar, 17 og 18 ára, finnst ykkur þetta ekki vera mikil ábyrgð?

Jú að sjálfsögðu. En við erum ekkert hræddar við það. Við teljum okkur vel færar í þetta,“ segir Arna.



– Verklok eru 1. ágúst svo ljóst er að það er mikið starf fyrir höndum. Eruð þið að vinna þetta í fullri vinnu eða starfið þið einnig við eitthvað annað?

„Við erum báðar í annarri vinnu, en bara til kl. 14 á daginn. Ég er líka í sumarskóla svo það er nóg að gera,“ segir Arna og brosir.

– Nú eruð þið báðar í Menntaskólanum á Ísafirði á veturna. Hvernig er aðgengið þar?

„Það hafa verið settir takkar á hurðarnar þannig að þær opnast sjálfkrafa ef ýtt er á þá svo aðgengið er fínt,“ segir

Elma.

„Við komum báðar í skólan í hjólastól á svipuðum tíma og þá höfðu takkarnir verið settir upp þannig að ég fann ekkert að aðgenginu. Það var bara mjög fínt,“ segir Arna.

– Voruð þið vinkonur áður en verkið hófst?

„Nei ekki beint, við vissum hver hvor önnur var eins og allir á Ísafirði en við þekktumst ekki að ráði. En í gegnum verkefnið höfum við kynnst vel og orðið vinkonur,“ segir Arna.

Langtímaverkefni að koma öllu í lag

– Hvernig hafa viðbrögð bæjarbúa verið?

„Þau hafa bara verið fín. Fólk hefur komið að mér úti á götu og bent mér á margt sem betur má fara í bæjarfélaginu. Fólk virðist vera farið að pæla í því hvað vantar upp á,“ segir Elma.

„Fólk reynir oft að hafa hlutina í lagi en þó vantar mikið upp á. Það þarf að leggja smá hugsun í hlutina og vinna þá rétt. Til dæmis hafa verið settar upp skábrautir sem eru alltof brattar sem gerir það að verkum að erfitt getur verið að komast upp brautirnar í hjólastól. Það er hægt að finna

leiðbeiningar og reglur um það hvernig hlutirnir eigi að vera. Þær má t.d. nálgast á netinu. Á slóðinni rabygg.is/adgengi er að finna handbók um umhverfi og byggingar“, segir Arna

– Eruð þið bjartsýnar á að verkefnið muni skila miklum árangri?

„Já við vonum það. En við búumst samt ekki við því að aðgengi fyrir fólk í hjólastól verði fullkomið á einum mánuði. Það er mikið sem þarf að laga og það er langtíma-verkefni að koma því öllu í lag,“ segir Arna.

– thelma@bb.is

Svipaður fjöldi nemenda við MÍ og var síðasta vetur

Aðsókn að Menntaskólanum á Ísafirði verður svipuð næsta skólaár og síðustu ár að sögn Jóns Reynis Sigurvinssonar skólameistara. „Heildarfjöldi nemenda verður væntanlega svipaður og hann hefur verið undanfarin ár. Það verður að teljast góð aðsókn en grunnskólanemum á norðanverðum Vestfjörðum hefur fækkað stöðugt síðustu árin“,

segir Jón Reynir. Von er á 72 grunnskólanemendum frá svæðinu í MÍ í ár miðað við 71 árið 2006 og 54 í fyrra. Alls eru 294 nemendur skráðir á haustönn, 270 í dagskóla, 12 í iðnmeistaránám og 12 í samfélagstúlkun. Vakin er athygli á því að enn er laust pláss á flestum brautum, sérstaklega í grunn- deild rafiðna, grunndeild

málmiðna og í vélstjórn 1. árs, en lokað hefur verið fyrir innritun í einstaka hópa í verk-námi og í bóknámi. Í grunn- deild tréiðna er hægt að bæta tveimur við. Í fyrsta sinn í sögu skólans er boðið upp á 3. ár vélstjórnar en 10 nemendur sóttu um það nám og er hægt að bæta nokkrum við. Jón Reynir hvetur þá sem hafa áhuga á að sækja um.

„Það er fullt í einhverja áfanga en við reynum eins og við getum að hafna engum og koma til móts við væntanlega nemendur. Menntaskólinn á Ísafirði er auðvitað þjónusta við samfélagið og reynum við að bjóða upp á breiða þjónustu og fjölbreytt val fyrir alla íbúa á svæðinu“, segir Jón Reynir Sigurvínsson.

– nonni@bb.is



Starfsemi Kampa á Ísafirði gengur vel.

Erfiðlega gengur að fá starfsfólk

Starfsemi rækjuverksmiðjunnar Kampa á Ísafirði gengur vel. „Í augnablikinu gengur vel, það er nægt hráefni, sala á rækju gengur vel og gengisbreytingar hafa komið okkur vel. Starfsemin gengur nokkurn veginn eins og við þjuggumst við. En það er nú einu sinni þannig að þótt ég sé glaður með alla þá rækju sem þeir tveir togarar sem veida fyrir mig koma með, þá er það nú aldrei svo að það mætti ekki veiða meira“, segir Jón Guðbjartsson, einn eigenda Kampa. Vinnslan gengur það vel

að til stendur að bæta einum til tveimur tímum við vinnudaginn. „Það er ætluin en mér skilst á vinnslustjóranum að erfiðlega gangi að fá nægt starfsfólk á meðan sumarfríin standa yfir. Það mun því koma í ljós hvernig það fer“, segir Jón. Kampi hóf rekstur fyrir tæpu ári í húsnæði Miðfells en rækjuverksmiðjan hafði orðið gjaldþrota nokkru áður. Miðfell hafði þá rekið rækjuverksmiðju að Sindragötu 1 á Ísafirði frá 1999 og var einn af stærstu vinnuveitendum bæjarins.

– thelma@bb.is



Mikið fjör hjá Sæfara

Siglinganámskeið Sæfara á Ísafirði hafa farið vel af stað, en öðru námskeiði sumarsins lauk í síðustu viku. Haldin verða fimm námskeið í sumar en þetta er fimmta árið í röð þar sem siglingaklúbburinn heldur námskeið fyrir börn og unglinga. „Það er mikið fjör og gaman hjá Sæfara eins og alltaf. Námskeiðin hafa gengið ljómandi vel og aðsóknin hefur verið góð. Við fáum bæði mikið af krökkum sem eru að koma í fyrsta sinn og krakka sem koma ár eftir ár“, segir Rúnar Helgi Haraldsson, einn umsjónarmanna námskeiðanna. Á þeim læra börnin um allt sem við kemur siglingum, allt frá bindingu hnúta til björgunar félaga á kajak og skyndihjálpar. – thelma@bb.is

Umferðarlagabrot fjórfaldast

Mikil aukning var á sektum vegna umferðarlagabrota í embætti lögreglunnar á Vestfjörðum í maí miðað við sama tímabil í fyrra samkvæmt skýrslu Ríkislögreglustjóra um afbrotatölfræði. 106 slík mál komu á borð lögreglunnar á Vestfjörðum í maí miðað við 24 á sama tíma í fyrra og er því aukningin gríðarleg, eða

rúm 440%. Að sögn Önundar Jónssonar, yfirlögregluþjóns á Vestfjörðum, er aðal ástæða aukningarinnar átak sem lögreglan á Vestfjörðum hefur verið í upp á síðkastið. „Í öllu embættinu hefur verið sérstakt átak í gangi sem miðar aðallega að brotum sem varða nagladekk, aftanívagna, ljósabúnað og beltanotkun en við

höfðum tekið eftir því að ástandið var orðið slæmt hvað þetta varðar og fólk orðið kærulaust“, segir Önundur. Hann segir að önnur ástæða aukningarinnar sé auknar aðgerðir gegn vímuakstri en lagabreyting sem fól í sér mun afdráttarlausari afstöðu gegn slíku en áður var, tók gildi í júní á síðasta ári. Önundur

segir lögregluna þó ekkert vera að huga að því að slaka á klónni. „Við erum greinilega að ná árangri og munum halda áfram að vera árvökulir gagnvart umferðarlagabrotum. Þegar fólk sér að við erum að fylgjast með hugsar það sig vonandi tvisvar um“, sagði Önundur Jónsson.

– nonni@bb.is

Samþykktu kjarasamning

Ríkisstarfsmenn í Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum hafa samþykkt kjarasamning við samninganefnd ríkisins. Atkvæðagreiðslu lauk á dögnum en 164 af þeim 321 sem voru á kjörskrá greiddu atkvæði sem þýðir að kjörsókn nam 51,90%. Atkvæði féllu þannig að 154 sögðu já, eða 93,90%, á móti átta sem sögðu nei eða 4,88%. Tveir skiluðu auðum eða ógildum seðlum. Auk FOS-Vestmanna-

eyja tóku þátt í atkvæðagreiðslunni ríkisstarfsmenn í Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Starfsmannafélagi Vestmannaeyja, Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélagi Húsavíkur, Starfsmannafélagi Fjallabyggðar, Starfsmannafélagi Skagafjarðar og Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsýslu.

– thelma@bb.is

Gísla saga Súrssonar sögð í myndum

Listakonan Marsibil Kristjánsdóttir frá Þingeyri opnaði fyrir stuttu myndlistarsýningu á þremur stöðum þar sem saga Gísla Súrssonar er sögð í myndum. Sýningarstaðirnir eru allir á söguslóðum Gísla en myndirnar byggja á þekktum setningum í sögunni. Eins og margir vita er Gísla saga uppfyll af fleygum setningum og má þar nefna: Það skaltu muna vesáll maður að kona hefur barið þig, oft stendur illt af kvennahjali og nú falla vötn öll til Dýrafjarðar. Ein sýningin er í Hauka-

dal þar sem Gísli Súri tók land og í samkomuhúsinu sem íþróttafélagið Gísli Súrsson tók þátt í að byggja á sínum tíma. Annar sýningarstaður er Arnarfjörður en þangað fór Gísli í útlegðinni en myndirnar eru til sýnis á Vegamótum á Bíldudal. Þriðji sýningarstaðurinn er Barðaströnd þar sem Gísli fór ósjaldan á flótta sínum undan Eyjólf gráa og félögum en sú sýning er á Flakkaranum á Brjánslæk. Gísla saga Súrssonar í myndum verður síðan opin í allt sumar á þessum þremur stöðum. – thelma@bb.is



„Þriggja ára áætlun var óunnin af fyrrverandi meirihluta“

Nýr meirihluti bæjarstjórnar vill vekja athygli á að þær upplýsingar sem komu fram í ársreikningi bæjarsjóðs 2007 komu bæjarfulltrúum í opna skjöldu, ekki bara fulltrúum fyrrverandi minnihluta heldur að því er virðist fulltrúum fyrrverandi meirihluta líka. Þetta kemur fram í bókun meirihluta í tilefni af bókun minnihlutans

á bæjarstjórnarfundum í síðustu viku. Þar segir jafnframt: „Af þeim sökum hafði fyrrverandi meirihluti hafið vinnu við endurskoðun fjárhagsáætlunar. Stærsta leiðrétting þeirrar áætlunar fólst í niðurskurði á framkvæmdum sem fulltrúar D-listans höfðu lagt til strax við fjárhagsáætlunargerð ársins 2008. Þriggja ára áætlun

var óunnin af fyrrverandi meirihluta og lá ekki fyrir þrátt fyrir ákvæði 8.gr samþykktar um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar þar sem segir að hún skuli tilbúin innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar. Henni hefði því átt að vera lokið 20. janúar.

Það er afar mikilvægt fyrir

sveitarfélagið að geta lagt fram þriggja ára áætlun, sem allra fyrst. Hún er eitt af þeim lykilatriðum sem þarf að leggja fyrir til að hægt sé að fjármagna rekstur sveitarfélagsins með lántöku, en skv. upphaflegri fjárhagsáætlun sem samþykkt var af fyrrverandi meirihluta, en fulltrúar D-listans sátu hjá við atkvæða-

greiðslu, þarf sveitarfélagið að taka að láni 291 milljón króna á árinu.

Eins og kunnugt er og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur sveitarfélagið þegar fengið lánsloforð fyrir 100 milljónum króna af þessari upphæð á breytilegum vöxtum sem nú eru ríflega 22%. Enn vantar því lánsloforð fyrir

á bilinu eitt til tvö hundruð milljónir króna. Það er leitt til þess að vita að áhyggjur núverandi minnihluta séu hverfandi af þessari stöðu, þótt vissulega sé það eitt af meginhlutverkum bæjarstjórnar hverju sinni að blása bjartsýni í huga fólks,“ segir í bókun meirihluta bæjarstjórnar.

– thelma@bb.is

Minnihlutinn spyr hvar eigi að segja upp

Minnihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur segir fráleitt að núverandi minnihluti sé ekki meðvitaður um stöðu bæjarsjóðs sem endurspeglar stöðu margra sveitarfélaga allt í kringum landið. Eins og fram hefur komið flugu bókanir á víxl á bæjarstjórnarfundum á fimmtudag í síðustu viku. Minnihluti lagði fram eftir-

farandi bókun sem svar við bókun meirihluta sem birt var á vefnum fyrir helgi: „Niðurstaða ársreiknings Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2007 kom þáverandi meirihluta ekki í opna skjöldu. Niðurstöðu í ársreikningi má m.a. rekja til áráðis í framkvæmdum, mótvægisáðgerða í heimabyggð vegna uppsagna í fisk-

vinnslu og rýrrar niðurstöðu úr úthlutun vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnar þrátt fyrir fögur fyrirheit um annað.

Þáverandi meirihluti stóð við framkvæmdir á endurbótum Félagsheimilisins sem allir sjö bæjarfulltrúar samþykktu á síðastliðnu ári að farið yrði í. Tekin var ábyrgd af staða strax upp úr áramótum þegar nei-

kvæðar breytingar á fjármála-mörkuðum fóru að gera vart við sig. Strax var hafist handa við endurskoðun fjárhagsáætlunar sem stóð yfir í nokkurn tíma. Niðurstöður þeirrar endurskoðunar lágu fyrir í apríl og voru kynntar á fyrsta bæjarráðsfunni eftir meirihlutaslit.

Það er fráleitt að núverandi

minnihluti sé ekki meðvitaður um stöðu bæjarsjóðs Bolungarvíkur sem endurspeglar stöðu margra sveitarfélaga allt í kringum landið. Það er hins vegar sameiginlegt verkefni að ná fram sanngjarnri leiðréttingu á þeim vettvangi. Að draga saman seglin eru þær tillögur sem núverandi meirihluti leggur fram í sinni

þriggja ára áætlun. Það þýðir m.a. uppsagnir starfsfólks. Því er enn og aftur spurt: Hvar á að segja upp?

Þá er óljóst hvað stendur á bak við þá lánsfjárhæð sem kemur fram í bókun meirihlutans, enda er talan afar ónákvæm og hleypur á 100 milljónum króna til eða frá.“

– thelma@bb.is

„Ómerkilegur, pólitískur skollaleikur“

Grímur Atlason, fyrrum bæjarstjóri Bolungarvíkur, vísar málflutningi núverandi meirihluta bæjarstjórnar alfaríð á bug, en eins og fram hefur komið í fréttum undanfarið hafa staðið yfir deilur vegna fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins. Grímur hefur sent vefnum svohljóðandi yfirlýsingu:

„Undirritaður vill koma eftirfarandi á framfæri vegna umfjöllunar á vef bb.is undanfarna daga. Í þeim fréttum hafa ýmsar rangfærslur verið hafðar eftir fulltrúum A- og D-lista í bæjarstjórn Bolungarvíkur. Mér þykir leitt að þessir aðilar kjósa að vega með röngum yfirlýsingum að starfsheiðri mínum og fjármálastjóra sveitarfélagsins – og starfsheiðri þeirra kjörnu full-

trúa sem mynduðu fyrri meirihluta í bæjarstjórninni.

Ég vísa þessum málflutningi alfarið á bug og er þess fullviss að þeir sem kynna sér málið munu sjá í gegnum þann ómerkilega, pólitíska skollaleik sem núverandi meirihluti er að standa fyrir.

Ég bendi Bolvíkingum, og öðrum, sem láta sig málefni sveitarfélagsins varða, á að hafa það sem hér fer á eftir í huga: Rangfærsla 1. Því er haldið fram að fyrrverandi meirihluti hafi flotið sofandi að feigðarósi og hvorki brugðist við ástandi á lánamörkuðum né sinnt þeirri lögbundnu skyldu að leggja fram þriggja ára fjárhagsáætlun.

Hið rétta í málinu er þetta: Fjárhagsáætlun var tekin upp til endurskoðunar í febrúar –



Grímur Atlason.

um leið og ljóst var að aðstæður á lánamörkuðum hefðu breyst. Bæjarráð ásamt bæjarstjóra og fjármálastjóra höfðu að mestu lokið við endurskoðun. Leggja átti nýja endurskoðaða áætlun fyrir bæjarstjórn í apríl sl.

Það er ekki rétt að fulltrúar D-listans hafi strax við samþykkt fjárhagsáætlunar í lok árs 2007 komið með athugasemdir við hana. Engar slíkar athugasemdir komu fram á þeim tíma.

Yfirlýsingar Elíasar Jónatanssonar bæjarstjóra um að fyrrverandi meirihluti hafi átt eftir að fjármagna 100 til 200 m.kr. vegna framkvæmda ársins er hrein afbökun á staðreyndum og Elías veit betur. Endurskoðuð fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir frestun framkvæmda sem ekki voru hafnar vegna aðstæðna á lánamörkuðum.

Rangfærsla 2. Í fyrirsögn BB þann 27. júní sl. segir: Þriggja ára áætlun var óunnin af fyrrverandi meirihluta. Hið rétta í málinu er þetta: Áætl-

unin lá fyrir í byrjun febrúar en beðið var með að leggja hana fram enda stóð yfir endurskoðun á fjárhagsáætlun. Bæjarstjórnarmönnum var þetta ljóst auk þess sem Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga var upplýst um stöðuna.

Hér er verið að gera lítið úr þeirri miklu vinnu sem bæjarráð, fjármálastjóri og fyrrverandi bæjarstjóri lögðu í þetta verk. Þeir sem sátu í bæjarráði frá áramótum vita að þetta er ekki rétt.

Rangfærsla 3: Það hefur verið látið í veðri vaka að fjárhagur sveitarfélagsins hafi versnað á því tímabili sem undirritaður stóð í stafni. Hið rétta í málinu er þetta: Þegar undirritaður kom að rekstri sveitarfélagsins voru skuldirn-

ar rétt um 900 m.kr. og orkubúspeningar uppunir. Stórt lán hafði að auki verið tekið nokkrum mánuðum áður. Þeir fjármunir auk orkubúsþeninganna höfðu að mestu runnið í reksturinn og framkvæmdir nær engar. Tómir sjóðir, uppgjöf og skuldir var veruleiki þegar fráfarandi meirihluti hóf stjórnarsetu sína.

Ég hef engu að kvíða varðandi dóm þeirra sem kynna sér staðreyndir um þróun mála í Bolungarvík á þeim tíma sem ég starfaði þar sem bæjarstjóri fyrir fyrrverandi meirihluta. Ég óska nýjum meirihluta velfarnaðar í því mikilvæga verkefni að sinna rekstri og uppbyggingu í þágu samfélagsins í Bolungarvík.

Virðingarfyllst, Grímur Atlason.“

Greiðslur til verktaka komnar upp í tæpar 420 milljónir

Framkvæmdum innanhúss við Grunnskólann á Ísafirði verður ekki lokið fyrr en um miðjan júlí. Á fundi byggingarnefndar framtíðarhúsnæðis Grunnskólans á Ísafirði var greint frá því að greiðslur til verktaka eru komnar í 419.852.997 krónur. Verið er að leggja lokahönd á verkið og unnið er við uppsetningu á innréttingum sem verður lokið á næstu tveimur vikum. Byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við tafimar, þar sem þær koma ekki til með að hafa áhrif á kennslu næsta skólaárs. Framkvæmdir við lóðafra-

gang við Grunnskólann á Ísafirði eru hafnar en gengið var til samninga við Ásel í vor. Gert er ráð fyrir að framkvæmdunum verði lokið í september. Nefndin fór í skoðunarferð um húsnæði GÍ fyrir stuttu og gerði ýmsar athugasemdir. Meðal annars taldi nefndin að múrhúðun að utan væri slæm og óskaði því eftir að eftirlitsmaður komi með tillögu að úrbótum. Nefndin var óánægð með litaval skólans að utan. Í fundarbókun lýsir hún yfir vanþóknun sinni á að arkitekt hafi ekki haft samráð við

nefndarmenn áður en litur var valinn. Í ljós kom að endurnýja þarf gólfefni í þremur skólastofum í gamla gagnfræðaskólahúsinu, þar sem grunsemdir eru uppi um að skolplagnir séu ekki í lagi. Áætlaður kostnaður við endurbætur er 3 milljónir kr. á hverja stofu. Nefndin hefur lagt til við bæjarstjórn að heimild verði veitt til að fara í þessa framkvæmd. „Nefndin lýsir mikilli ánægju sinni með vinnu verktaka við nýsmiðina, að undanskyldu því sem getið er hér að ofan“, segir í fundarbókun.



Nýbygging Grunnskólans á Ísafirði.

Réttu handtökin æfð um borð í Sæbjörgu

Sund í flotgalla, reykköfun og notkun björgunarbáta er meðal þess sem skipverjar og hafnarstarfsmenn fengu að spreyta sig á í Ísafjarðarhöfn á föstudag. Skólaskip Slysavarnaskóla sjómanna, Sæbjörg, er nú í höfn á Ísafirði og hefur síðustu daga verið boðið upp á námskeið fyrir sjómenn og aðra þá sem vinna

við hafnir eða dvelja við leik og störf við ár eða vötn. Þegar blaðamann bar að garði voru hafnarstarfsmenn Ísafjarðarbæjar klæddir í reykköfunargalla og kennarar að þylja upp leiðbeiningar áður en súrefnisgrímum var smeltt yfir andlitin. Hulið var fyrir augu nemenda og fóru þeir blint í gegnum það sem líkist

aðstöðu í skipi, tveir og tveir saman, og æfðu undir ímynduðum eldaðstæðum. Kennarar Sæbjargar létu ímyndaðan eld og reyk ekki duga því seinna var kveiktur eldur í gámi á þilfari skipsins og hafnarstarfsmönnum leyft að kynnst þessum slæma húsbónda frá fyrstu hendi. Hafnarstarfsmenn reyndust færir í flestan



Hafnarstarfsmenn Ísafjarðarbæjar læra hvernig bregðast skal við eld.



Skipverjar á Páli Pálssyni fljótandi í Ísafjarðarhöfn.

sjó og hafði kennari svo á orði að geta og dugnaður nemenda sinna hafi farið fram úr vonum. Skipverjar á Páli Pálssyni voru á sama tíma á endur-

menntunarnámskeiði í öryggisfræðslu, en öllum sjómönnum er skylt að ljúka námskeiðinu til að hljóta lögskráningu á skipi. Andlitin gægðust út um appelsínugula flotbúning-

ana þegar skipverjar köstuðu sér út í sjóinn, en kulddinn bítur lítið á þegar menn eru í réttu græjunum. Svömluðu þeir um í Ísafjarðarhöfn og æfðu réttu tökin í neyð. – nonni@bb.is

Pólitískasti refurinn opnaði vef Melrakkasetursins



Guðni Ágústsson opnaði vefinn formlega.

Alþingismaðurinn Guðni Ágústsson opnaði formlega vef Melrakkaseturs Íslands í Súðavík við hátíðlega athöfn á laugardag. Að eigin sögn var Guðni fenginn til að opna vefinn þar sem hann væri pólitískasti refurinn á staðnum, sem hann kvað vera mikið hrós. Vefsíðan mun verða fyrsti starfsvettvangur setursins þar til húsnæðið að Eyrardal í Súðavík kemst í gagníð og sýningin verður sett þar upp. Á síðunni, sem unnin var af vefumsjónarkerfinu Snerpli, verður meðal annars að finna ýmsan skemmtilegan fróðleik og upplýsingar um tófuna ásamt fjölmörgum myndum. Opnunin fór fram á veitingahúsinu Amma Habbý í Súðavík og var fullt út að dyrum. – thelma@bb.is



Ester Rut Unnsteinsdóttir framkvæmdastjóri setursins.

Skemmdu matjurtagarð leikskólabarna

Leikskólabörn á Laufási á Þingeyri urðu fyrir barðinu á skemmdarvörgum á dögunum sem eyðilögðu kálplöntur sem börnin höfðu gróðursett. „Þær voru rifnar upp og þeim síðan kastað upp á gangstétt. Mér finnst mjög leiðinlegt að það skuli einhver leggjast svo lágt að skemma það starf sem foreldrafélagið og börnin hér hafa unnið og ætluðu að vinna hér. Það er svo lærdómsríkt fyrir börnin að upplifa og starfa að matjurtagarði og fá síðan að njóta uppskerunnar sem þau hafa unnið að og fylgst með vexti þess frá upphafi. Ég vona að næst hugsi fólk um það sem það er að gera áður en það framkvæmir og skemmir fyrir öðrum“, segir Elsa María Thompson leikskólastjóri.

Styttist í hestamannamót Storms

Hestamannamót Storms fer fram á Söndum í Dýrafirði dagana 18. og 19. júlí. Mótið er opið og eiga því allir hestamenn þátttökurétt sem eru í félögum innan Landssambands hestamannafélaga. Keppt verður í A-flokki gæðinga, B-flokki gæðinga, ungmennaflokki, unglingaflokki, barnaflokki og gæðingatölti. Dagskrá verður nánar auglýst síðar en meðal annars verður boðið upp á kvöldvöku í Knapaskjóli, útreiðartúr og grillveislu. Skráningar skulu berast fyrir 15. júlí í síma; 896-8245 og 895-0711.

Minna atvunnuleysi

Tala atvinnulausra fer enn lækkandi en einungis fjórtán Vestfirðingar eru á skrá Vinnumálastofnunar. Atvunnuleysi hefur mælst minnst á Vestfjörðum það sem af er þessu ári. Meðalfjöldi atvinnulausra á Vestfjörðum var 18 í maí eða 0,5% af áætluðum mannafla fjórðungsins en var 0,6% í apríl. Atvunnuleysi kvenna var 0,6% í maí eða sama og í apríl. Atvunnuleysi karla var 0,4% í maí en 0,6% í apríl.

Atvinnulausir karlar voru níu í maí en 14 í apríl en atvinnulausar konur voru níu í maí en tíu í apríl. Á vef Svæðisvinnumálastofnunar Vestfjarða eru 14 störf auglýst laus, bæði sérhæfð störf og almenn störf. Í lok síðasta mánaðar voru tveir á skrá yfir atvinnulausa í Bolungarvík, sjö í Ísafjarðarbæ, sex í Vesturbyggð, þrír í Strandabyggð, tveir í Tálknafjarðarhreppi, 1 í Kaldrananeshreppi en enginn í Árneshreppi, Bæjarhreppi eða Reykhólahreppi.

Hlutfallslegt atvinnuleysi á Vestfjörðum í maímánuði hefur ekki verið minna í áratug. Í maí í fyrra var 0,7% af áætluðum mannfjölda skráður atvinnulaus en árið áður var atvinnuleysið 1,6%. Mest var það árið 2004 eða 1,9%.

– thelma@bb.is

Mannekla hjá lögreglunni

Mannekla er hjá lögreglunni á Vestfjörðum eins og í mörgum öðrum embættum á landinu. Önundur Jónsson yfirlögregluþjónn segir að helst vanti nú skólagengna afleysingamenn. Þá hefur launafulltrúi lögreglunnar látið af störfum og ekki hefur tekist að þjálfa annan í staðinn og hafa þau verkefni því færst á herðar yfirlögregluþjónsins.

„Það verður einhver að taka þessi verkefni að sér. Við erum í reddingum úti um allan bæ og úti um allt land. Við fáum í næsta mánuði fjóra lögreglumenn annars staðar að af landinu í eina og upp í fimm vikur. Annars er sama ástandið um allt land“, segir Önundur. Á Patreksfirði eru tveir skólagengnir og tveir óskólagengnir lögreglumenn og þar, sem og á Hólmavík, vantar mannskap. „Þetta er sama ástandið um allt land og kann-

ski ekkert frekar hjá lögreglunni en öðrum. Það vantar að fá þessa lögreglumenn til að fara út á land, og ekki eru allir þeir sem útskrifast að skila sér til vinnu.“

Önundur segir starf lögreglumannsins skemmtilegt og gefandi. „Ég get hiklaust mælt með þessu starfi, það er ekki spurning. Okkar lögreglumenn eru ánægðir í sínu starfi, sem er bæði erfitt og gefandi. Þetta gengur ekki bara út á það að handtaka menn, það er mikið um að lögreglan sé að hjálpa fólki við ýmislegt. Fólk er yfirleitt þakklátt og jákvætt í okkar garð. Það er bara í undantekningartilfellum sem eru einhver leiðindi, sem rata þá í blöðin. En við tökum það ekki nærri okkur því við vitum betur hvernig starfið er.“

– halfdan@bb.is

Lögreglustöðin á Ísafirði.



Leitað að gögnum um meðferðarheimili

Starfsmanni félagsmálanefndar Bolungarvíkur hefur verið falið að yfirfara gögn sveitarfélagsins til að kanna hvort þar sé að finna upplýsingar um meðferðarheimili fyrir börn frá síðustu öld. Er það gert til að svara erindi nefndar um vist- og meðferðarheimili sem skipuð var af forsætisráðherra, þar sem óskað er eftir því að skrifstofur sveitarfélaga kanni hvort einhver gögn barnaverndarnefnda

frá árunum 1940 – 1980, sem lúta að starfssemi meðferðarheimila fyrir börn, séu vistuð á skjalasöfnum sveitarfélaga.

Nefndin um vist- og meðferðarheimili var upphaflega sett á fót til að kanna starfsemi vistheimilisins Breiðavíkur á árunum 1950 til 1980 en eins og alþjóð veit kom fram á síðasta ári að börn hefðu sætt illri meðferð og/eða ofbeldi meðan á dvölinni þar stóð.

– thelma@bb.is



STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Mistök á mistök ofan

Kjarasamningar hrannast upp og sérstaka eftirtekt vekur hversu hógværir þeir eru. Flugumferðarstjórar sem fram hafa farið af yfirgangi í kjarasamningum ár eftir ár sömdu á nánast skikkanlegum kjörum, þó ekki fyrr en almúginn og erlendir ferðamenn fundu til þeirra. Hafi þeir þökk fyrir að hafa vitkast. Háskólamaður sömdu upp um hækkun, 20.330 krónur á mánuði. Hjúkrunarfræðingar sem hafa þráast við, hafa margt til síns máls, en svigrúm er ekki mikið og veiðilendurnar lítt vænlegar.

Ástand efnahgsmála á Íslandi hefur verið talsvert til umræðu. Það er eðlilegt og fólki er mjög brugðið eftir góðæri undanfarinna ára, sem bankar hafa spennt upp með ýmsum ráðum. Almennitur hefur farið að þeirra ráðum enda hefur verið vel auglýst hve allt gengi vel. Á undan gekk hin nýríka stétt fárra svokallaðra auðmenna, sem sýndu nýju bílana, nýju húsin, nýju þoturnar og nýju konurnar óspart í glansandi tímaritum. Einfaldir blaðamennirnir ginu við og hluti alþýðunnar í framhaldinu. Raunveruleg gildi skiptu engu máli í þessum slag.

Verra var að raunverulegur árangur skipti enn minna máli. Bankarnir kveinka sér, ekki yfir því að geta ekki gert vel við viðskiptavinina, heldur því að eigin skuldadagar eru runnir upp hjá þeim líkt og reyndar hjá viðskiptavininum. Nýja lífstílinn verður að skera niður. Sennilega þarf að

fækka eitthvað bílum og jafnvel að fórna einkaþotunum, vonandi verður ekki nauðsynlegt að skila nýju fallegu konunum sem glönsuðu svo vel á síðum tímaritanna.

Margt vekur furðu þegar rýnt er í umræður um efnahagsmálin á Íslandi. Vissulega bjátar á. En hefur ekki mikið gengið á undafarin ár? Jú. Hefur skynsemi ráðið för? Nei, of sjaldan. Kannski eru það mistök almennings að hafa gengið að gylliboðum bankanna, en því verður þó ekki neitað að viðskiptavinir vilja og eiga að geta treyst bankanum sínum. Gerðu bankarnir mistök með því að halda fé að fólki og veita því ríflega út meðan vextir voru lágir? Ef til vill eru þeir sekir um það, en samt verður að gera kröfu til almennings, hvers og eins, að þekkja til í sínum eigin ranni, vita hvað hann má og getur að gefnum eigin forsendum og haga sér í samræmi við það.

Hvað með ríkisstjórnina? Bar henni ekki að hafa vit fyrir okkur sauðsvörtum almúganum? Auðvitað mætti halda því fram, að ríkisstjórnin ætti að hafa forgöngu um skynsamlega fjármálastjórn, bankarnir ættu að koma fram af skynsemi við viðskiptavinina sína og við að sýna hana. Það sýnist ekki hafa verið gert og við ekki gætt okkar. Það eru mistök á mistök ofan.

Þau eru greidd með rýrum kjarasamningum.


Flestar tilkynningar vegna áhættuhegðunar

Árið 2007 bárust barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum 163 tilkynningar um 117 börn. Flestar tilkynningar bárust frá lögreglunni eða 78 talsins. Flestar vorðuðu þær áhættuhegðun barna eða í 77 tilfellum. Þetta kemur fram í Samtölum 2007 sem eru nokkurs konar ársskýrslur barnaverndarnefnda til Barnaverndarstofu. Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum er rekin í samstarfi sveitarfélaganna þriggja við Djúp; Bolungarvíkurkaupstaðar, Súðavíkurbrepps og Ísafjarðarbæjar.

Úthlutað úr minningarsjóði um Pálma Gíslason



Í gær var úthlutað í fyrsta sinn úr minningarsjóði um Pálma Gíslason, fyrrum formanns Ungmennafélags Íslands, en hann hefði orðið 70 ára í gær. Sjóðurinn var stofnaður af UMFÍ og fjölskyldu Pálma. Hann var forvígismaður um verndun og hreinsun náttúru og eflingu útiveru fjölskyldunnar. Athöfnin fór fram við Gýgjustein í Heydal í Mjóafirði í minningarlundi um Pálma. Alls var úthlutað einni milljón króna en tveir aðilar á Vestfjörðum og einn á Suðurlandi fengu styrk.



Bryggjuhúsið er komið í notkun. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Bryggjuhúsið komið í notkun

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar ehf. á Ísafirði hafa tekið í notkun bryggjuhús á bakka smábátahafnarinnar á Ísafirði. Farþegar hafa glaðst mjög yfir þessu framtaki sem bæði þeir og forsvarsmenn Sjóferða segja að sé löngu tímabært. Nú þurfa farþegar ekki lengur að dóla á hafnarkantinum og bíða eftir fari í Vigur eða í friðland Hornstranda, en áætlunarsiglingar á síðarnefnda staðinn hófust í síðustu viku. Því má við þetta bæta að nú er aldarfjórðungur frá því að fyrirtækið eignaðist sinn fyrsta Blika. Sá var 22ja feta flugfiskur sem Hafsteinn Ingólfsson innréttaði sjálfur.

Skrifað undir samning um gerð varnargarðs

Verksamningur vegna byggingar snjóflóðavarna í Bolungarvík var undirritaður í ráðhúsi bæjarins í síðustu viku. Elías Jónatansson bæjarstjóri undirritaði samninginn fyrir hönd Bolungarvíkurkaupstaðar og Sigurður Sigurðarson fyrir hönd Ósafs sf. en fyrirtækið átti lægsta tilboð í gerð varnarvirkja í Traðarhyrnu. Framkvæmdin var boðin út í febrúar og hljóðaði tilboð Ósafs sf. upp á 566.781.402 kr. sem er umtalsvert lægra en kostnaðaráætlun sem var 727 milljónir. Nemur til-

boðið 77.93% af kostnaðaráætlun. Framkvæmdir hefjast í sumar og gert er ráð fyrir að verkinu verði lokið árið 2010. Ósafli er fyrirtæki í eigu Íslenskra aðalverktaka og Marti Contractors og var stofnað um gerð Bolungarvíkurganga. Varnargarðurinn í Bolungarvík verður 18-22 metra hár og 700 metra langur þvergargur. Auk þess verða 8 keilur ofar í fjallinu. Áætlað er að í varnavirkin fari um 400 þúsund rúmmetrar af fyllingarefni sem reiknað er með að fáist



Elías Jónatansson og Sigurður Sigurðarson við undirritun samningsins. Mynd: vikari.is.

innan framkvæmdasvæðisins. flóðavarna í Bolungarvík hófst þess má geta að hönnun snjómeð frumathugun árið 1998.

Act alone vekur athygli

Leiklistarhátíðin Act alone sem hófst á Ísafirði í gær hefur þegar vakið nokkra athygli í fjölmiðlum. Umfjöllun var um hátíðina í helgarblaði DV fyrir stuttu sem og í Viðskipta-

blaðinu auk þess sem rætt var við Elvar Loga Hannesson, listrænan stjórnanda hátíðarinnar á Rás 2 um síðustu helgi. Þá hyggst útvarpskonan Sigurður G. Ásgeirsdóttir gera sérstakan þátt um Act alone sem fluttur verður á Rás eitt í haust. Einnig mun útsendari menningarritsins TMM sækja hátíðina og rita grein um menningarviðburðinn í hausthefti

blaðsins. Act alone, sem er eina árlega leiklistarhátíðin á Íslandi lýkur á sunnudag. Í ár verður boðið upp á 25 sýningar, leiklistarnámskeið og kennslustund í að reka eins manns leikhús. Í lok hátíðar verða Act alone verðlaunin afhent í

fyrsta sinn fyrir bestu sýninguna og leikarann. Hátíðin verður að þessu sinni ekki bara einleikin því einnig verður boðið upp á tvíleiki. Act alone fékk Menningarverðlaun DV árið 2008 og þess má geta að aðgangur á sýningarnar hefur frá upphafi verið ókeypis.

Tryggvi Guðmundsson hdl - löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 • Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason - löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Aðalstræti 16, Ísafirði

Uppgert timburhús við miðbæinn, tvær íbúðir og bílskúr samtals 267 m². Einnig er verslun, verkstæði og bílskúr til sölu, samtals 200,5 m²

Tilboð óskast

Urðarvegur 78, Ísafirði

77,9 m² 2ja herb. íbúð á 2. hæð fyrir miðju í fjölb.húsi, byggðu 1985 úr steinsteypu. Íbúðinni fylgir sérgæymsla á 1. hæð. Eldhús og baðherbergi nýlega uppgærd.

9.900.000,-

Aðalstræti 26a, Ísafirði

Fjögurra til fimm herb. íbúð á tveimur hæðum í þrívíðishúsi, samtals 102 m². Íbúðin er á 2. hæð til vinstri.

Tilboð óskast

Þuriðarbraut 8, Bolungarvík

Einbýlishús úr timbri 160,9 m² með áföstum 32,5 m² bílskúr, samtals 193,4 m². Fjögur svefnherbergi.

6.800.000,-

Aðalstræti 20, Ísafirði

93,5 m² þriggja herbergja risibúð á 4.hæð fjölbýlishúsi í miðbæ Ísafjarðar. Ný eldhúsinnrétting.

12.900.000,-

Mjallargata 6, Ísafirði

Fjögurra herbergja íbúð á efri hæð, þrjú svefnherbergi, húsið nýlega klætt að utan og bak er nýlegt.

7.900.000,-

Túngata 20, Ísafirði

53 m² 2ja herb. íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi, geymsla í sameign, sólþallur í garði.

6.500.000,-

Sundstræti 22, Ísafirði

Tveggja herb. íbúð á jarðhæð í fjörbýlishúsi, samtals um 67,8m². Sameiginlegur innangangur á jarðhæð.

6.500.000,-

Stórholt 11, Ísafirði

Þriggja herbergja íbúð á annari hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Íbúðin er 65,9 m² og geymsla í sameign er 5,2m², nýtt baðherbergi.

5.300.000,-

Aðalstræti 16, Bolungarvík

Ath einnig til leigu. Forskallað einbýlishús úr timbri með steypum kjallara, 500 m² eignarlóð fylgir. Húsið stendur við aðalgötu bæjarins.

Tilboð óskast

Leigjendur og leigusalar athugið! Nú er hægt að auglýsa eignir til leigu eða óska eftir eignum til leigu á vef okkar

Blaðamaður

Blaðamaður/kona óskar til starfa á viku-blaðinu Bæjarins besta og fréttavefnum www.bb.is frá og með ágúst mánuði. Viðkomandi þarf að hafa góða íslenskukunnáttu og þekkja vel til aðstæðna á útbreiðslusvæði blaðsins. Allar nánari upplýsingar veitir Sigurjón í síma 456 4560.



Holdgervingur vestfirskrar sultugerðar

Sultugerð er ekki nýtt sport á Íslandi, langt í frá. Húsfreyjur í öllum landshornum hafa í gegnum aldirnar soðið upp sultu úr hinum og þessum hráefnum og því telst það varla frétnæmt þegar einhver tekur sig til og setur sultu á krúkku.

Ein er þó sú húsfreyja sem á undanförunum árum hefur gerst einskonar holdgervingur vestfirskrar sultugerðar, í það minnsta í Bolungarvík. Ylfa Mist Helgadóttir, sem er eflaust ein örfárar kvenna á sínum aldri sem vill vera titluð „húsmóðir“ í símaskrá, hefur vakið mikla athygli sveitunga sinna og margra annarra fyrir dugnað í þessari fornu heimilisíð. Hún telur að þjóðin hafi bara gott af smávegis kreppu til að frelsa sig undan þeirri neyslugeðveiki og soun sem einkennt hefur landann undanfarna áratugi og sérstaklega síðustu árin.

Bæjarins besta sló á þráðinn til Ylfu þar sem hún var stödd í heimsókn hjá skyldmönnum á Akureyri.

Fær leyfi til að stela

– Nú nálgast markaðsdagurinn í Bolungarvík óðfluga. Er hann ekki hálfgerð uppskeruhátíð fyrir sultugerðarkonu eins og þig?

„Jú, þetta er uppskeruhátíðin með ákveðnum greini. Ég er að vísu ekki nærri því nógu vel birgð fyrir daginn. Ég er búin að vera í fríi fyrir norðan en ætla að fara að drífa mig heim og leggjast yfir pottana.“

– En áttu nóg af hráefni?

Þarftu ekki að ganga um garða í Víkinni og stela rabarbara?

„Ég stel náttúrliga rabarbara frá honum Grími Atlasyni, bæjarstjóra landsins. Svo hef ég leyfi til að fara í hina og þessa garða, en ég geri að vísu ekkert voðalega mikið úr rabarbara. Ég er að gera úr jarðarberjum, sítrónum, vanillu, eplum og öllu mögulegu. Svo geri ég appelsínnumarmelaði og melónumarmelaði, chutney og bara allt mögulegt.“

– Er ekki frekar dýrt að gera sultu úr jarðarberjum?

„Jú, það er svolítill dekur-sulta. En hún er rosalega góð og hefur alltaf selst á nóinu.“

Engin sérstök útgerð

– Þú ert væntanlega með stóran og feitan bás á markaðsdeginum?

„Nei, ég er eiginlega alltaf með mjög lítinn bás, í raun er ég yfirleitt með minnsta og ómerkilegasta básinn. Ég tími aldrei að kaupa nema einn eða tvo metra. En það hefur gengið vel að selja. Í fyrra seldi ég 390 krúkkur sem var samt minna en árið áður þegar ég seldi 500.“

– En er fólk ekki að koma til þín árið um kring og biðja um sultu?

„Sérstaklega eftir markaðsdaginn. Þá er alltaf verið að hringja og biðja um einhverjar tiltekna tegundir. En ég er nú ekki í neinni útgerð, enda er það ólöglegt.“

– En þú hefur nú samt verið þekkt sem sultugerðarkona í nokkurn tíma.

„Það er nú aðallega bara

þegar það er gúrka hjá Mogganum. Ég byrjaði á þessu af einhverri alvöru þegar ég flutti til Bolungarvíkur fyrir sex árum.“

Grunnurinn alltaf sá sami

– Er þetta mikið mál?

„Nei alls ekki. Ef maður kann að gera eina sultutegund þá kann maður þannig séð að gera þær allar. Þær eru að vísu mismunandi, sumt sýður maður bara örstutt og annað er jafnvel ekkert soðið eins og til dæmis marmelaðið. Stundum eru líka gerðar hráar berja-sultur. Þessi vísindi eru bara eintómar þumalputtareglur. Þetta er eins með rjómaís, grunnhugmyndin er alltaf sú sama.“

– Nú þykir mikilvægt að sjóða stilkana með þegar verið er að gera rífsberjasultu, en hvernig stífirðu sultu þegar þú gerir hana úr sítrónu, svo dæmi sé tekið?

„Þá eru steinarnir lagðir í bleyti. Það er hægt að nota bæði steinana og borkinn.“

800 krúkkur á ári

– Þó þú sért holdgervingur bolvískrar sultugerðar þá ertu nú varla sú eina sem ert að þessu? Heyrst hafa sögur af hálfgerðum sultugerðarsauma-klúbbum í Bolungarvík þar sem konur koma saman og smakka sultur hjá hverri annarri.

„Ég hef aldrei heyrt um neitt svoleiðis. Mér er þá alla vega ekki boðið, kannski eru ein-

hverjar að reyna að jarða mig í sultukeppninni“, segir Ylfa og hlær silfurtærum hlátri sem minnir á tæra uppsprettu er rennur hjalandi niður grænan mó á stilltu sumarkveldi. „En ég er auðvitað ekki sú eina sem stend í þessu. Ég held að flestar konur séu að gera sultu, eða hafi gert það einhvern tímann. Þetta er kannski sérstaklega áberandi í litlum bæjum.“

– Hvað heldurðu að þú sért að taka margar krúkkur á ári?

„Ég bara veit það ekki alveg. Ég geri náttúrliga mest fyrir þennan markaðsdag, en svo geri ég líka mikið fyrir jólin til að gefa. Kannski er ég að setja í svona 800 krúkkur yfir árið.“

Hinir og þessir gefa krúkkur

– Og hvar færðu allar þessar krúkkur?

„Heyrðu, það er eiginlega svolítið fyndið. Um daginn opnaði ég loksins gestabókina á blogg síðunni minni og þar voru bara skilaboð, frá einhverri konu sem ég veit ekkert hver er, þess efnis að ég ætti fullan kassa af sultukrúkkum á Hlíðarvegi á Ísafirði.“

Þetta er svolítið lýsandi fyrir það hvernig ég fæ krúkkurnar. Stundum er bara poki fullur af krúkkum fyrir utan dyrnar hjá mér þegar ég kem heim. Það er alltaf verið að færa mér krúkkur, en þar að auki safna ég þeim auðvitað sjálf líka. Hinir og þessir úti í bæ eru alltaf að færa mér krúkkur.

Eldra fólk tímur ekki að henda tómunum krúkkum en veit samt ekki hvað það á að gera við þær og ég nýt góðs af því.“

Höfum gott af smá kreppu

– En heldurðu ekki að heimilisíðnaður eins og þessi, og ýmis konar annar, verði á uppleið á næstu mánuðum í þessari margumtöluðu kreppu?

„Ég vil nú bara koma því á framfæri að ég tók engan þátt í þessu góðæri og þess vegna neita ég að taka þátt í þessari kreppu sem allir eru að tala um. Ég frábíð mér öllu kreppuvæli, því ég held að þjóðin hafi í rauninni bara gott af smá kreppu. Við höfum verið í algjöru neyslubrjálæði og flegjum öllu. Það er eins og ég segi aðallega eldra fólkið sem tímur ekki að henda not-hæfum hlutum, eins og til dæmis sultukrúkkum. Áður fyrr var allt nýtt og við þurfum að læra það aftur.“

– Þannig að ein dugleg kreppa væri kannski bara ágæt til þess að kenna fólki að nýta hlutina betur?

„Alveg klárlega. Það er fullt af dóti til á Íslandi sem er hægt að nota, við búum í hálfgerðri matarkistu en erum ekki að nýta hana. Eins og til dæmis með sulturnar. Við erum að kaupa einhvern innfluttan óþverra í Bónus eða einhvers staðar, og skiljum ekki einu sinni tungumálið sem er á krúkkunum, hvað þá innihaldslýsinguna. Í þessu eru vatn og bindiefni og bragðefni

og alls konar viðbjóður. Í staðinn gætum við gert þetta heima úr því sem við höfum. Sultur eru náttúrliga sætar og þetta er ekki beinlínis einhver hollustuvara, en þú ert kannski bara með sykur og ávexti og veist alveg hvað þetta er. Þar að auki er þetta ódýrasta álegg sem maður finnur.“

– Það eru engin E-efni í þínum sultum?

„Nei, það eru sko engin E-efni hjá mér. Ég meira að segja legg mikið á mig til að fá hleypi, í þær sultur sem hann þarf eins og jarðaberjasultu, sem er ekki með rotvarnarefnum. Þetta er ég að panta á Netinu frá Ameríku, pektín sem ekki með neinum gervi-efnum.“

Ylfa Mist Helgadóttir, húsmóðir

– Þú ætlar bara að halda þessu áfram er það ekki? Ertu kannski í einhverjum öðrum heimilisíðnaði með sultugerðinni?

„Við erum algjör sálkera-fjölskylda og mikið matfólk. Við búum til allskonar nammi og kökur fyrir jólin. Svo bý ég til mitt eigið jógúrt og tek að sjálfsögðu alltaf slátur.“

Ég held að ég sé ein fárra kvenna á landinu sem myndi vilja bæta starfsheitinu „húsmóðir“ fyrir aftan nafnið mitt í símaskránni. Mér finnst þetta flottasta starfsheiti í heimi og ef ég nenni og man eftir því þá er ég alvarlega að spá í að bæta því við.“

– halfdan@bb.is

0 krónur á netið með 3G

Nú kemstu á netið innanlands fyrir 0 krónur á kvöldin og um helgar með 3G síma eða netlykli í tölvuna. Með netlyklinum kemst færtölvan í netsamband hvar sem er á 3G þjónustusvæði Símans á mesta hraða sem býðst í 3G hérlandis. Fáðu allar nánari upplýsingar um 3G þjónustusvæði Símans á siminn.is. Taktu þátt í framtíðinni og fáðu þér 3G síma eða netlykil í næstu verslun Símans.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn** 



Sími



Netið



Sjónvarp



Mannlífið

Gísli Kristjánsson fær styrk

Gísli Kristjánsson hefur fengið styrk úr afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands. Háskólinn veitir þennan árlega styrk til nýstúdenta sem náð hafa framúrskarandi árangri á stúdentsprófi en Gísli hlaut einmitt hæstu meðaleinkunn á stúdentsprófi við Menntaskólann á Ísafirði á nýliðinni önn og var þar með dux scholae. Að þessu sinni nemur styrkurinn 300 þúsund krónum en að auki fá styrkhafar skráningargjöld sem nema 45 þúsund krónum felld niður. Þó að góður árangur á stúdentsprófi sé forsenda styrkveitingar er stjórn sjóðsins einnig heimilt að taka tillit til virkni stúdenta í félagsstörfum sem og árangurs í listum og íþróttum. „Það er auðvitað mikill heiður að fá svona viðurkenningu. Ég hef lagt mikið á mig til að ná þessum árangri og verðlaunin munu án efa hvetja mig enn frekar í náminu“.

Smáauglýsingar

Til sölu er lítið notað Palomino fellihýsi árgærd 2003. Fellihýsið er með ísskáp, svefntjöldum og fortjaldi. Uppl. í síma 898 6704 og 861 7527.

Óska eftir kvennagolfsetti, vel með fögnu. Upplýsingar í síma 843 0028.

Vantar íbúð til leigu á Ísafirði, helst 4ra herb. Er reyklauss og öruggum greiðslum heitið. Uppl. í síma 867 0361 (Arna) og 867 7815 (Haukur).

Óskum eftir að taka 4-5 herb. íbúð á leigu í tvö ár, frá og með júlí 2008. Húsgögn fylgi með ef hægt er, en ekki skilyrði. Uppl. gefur Rúnar í síma 693 4238.

Til sölu er Samsung F330 3G sími. Kayptur í byrjun apríl og frekar vel með farinn. Síminn fæst á kr. 15.000. Upplýsingar í síma 869 5974.



Kærleiksdagar haldnir á ný að Núpi

Kærleiksdagar verða haldnir á Núpi í Dýrafirði dagana 18.-25. ágúst en um er að ræða samkomu ætlaða til mannræktar. Meðal þess sem boðið verður upp á eru fyrirlestrar, nudd, tarotlestur, dáleiðsla, hómópatameðferð, spámiðlun, orkusviðsmeðferðir og margt fleira.

„Góð þátttaka er af öllu landinu en þó vantar að Vestfirðingar skrái sig. Við viljum því endilega hvetja þá til þess að koma“, segir Vigdís Steinþórsdóttir, forsvarsmaður kærleiksdaganna en hún bendir á að ekki er nauðsynlegt að dvelja alla vikuna og eins geta þeir sem búa á svæðinu fengið einkatíma. Markmiðið með dögnum er að þátttakendum líði vel og finni kærleikann. Er þetta í fjórða sinn sem Kærleiksdagar eru haldnir að Núpi en þeir hafa verið haldnir yfir þrjátíu sinnum á landinu.

Spurning vikunnar

Hygst þú flytja á milli landshluta á næstu mánuðum?

Alls svöruðu 689.
Já sögðu 91 eða 13%
Nei sögðu 556 eða 81%
Óvist sögðu 42 eða 6%


Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Ferðamenn á Ísafirði

Ferðamenn um borð í skipinu Spirit of Adventure sem lagðist að bryggju á miðvikudag í síðustu viku gátu ekki kvartað undan veðrinu sem lék við þá á þessum sólríka júnídegi. Vekur það oft forvitni fólks hvers vegna fólk siglir til Íslands þegar Íslendingar stefna oft í hina áttina, á suðlægar slóðir svo sem í Karabíeða Miðjarðarhafið. Blaðamaður ræddi við nokkra skipverja og spurði þá út í ferðalag þeirra til Íslands.

David Hume frá Portsmouth í Englandi



– Flestir Íslendingar halda á suðrænar slóðir um þetta leiti enda er oft sagt að það séu aðeins þrjár árstíðir á Íslandi, vetur, vor og haust. Hvernig stendur á því að þú komst til Íslands?

„Við erum Bretar, við erum hálfvitar býst ég við! Nei, í fullri alvöru þá hef ég gaman að því að kanna nýja staði og þess vegna ákvað ég að fara til Íslands. Ég held að þegar fólk er ungt vill það fara í sólina og á sólarströnd. Þegar það verður eldri vill þá upplifa eitthvað öðrvísi. Flestir um borð eru yfir 50 ára aldri og því er þetta fólk sem vill kanna nýja staði áður en það er orðið of seint.

– Hvaða hugmyndir hafðirðu um Ísland áður en þú komst?

„Ég hafði lesið mér mikið til um Ísland, keypt margar bækur og fengið lánaðar af bókasöfnum. Ég hafði því ágætis hugmynd um við hverju var að búast.“

– Var Ísland eitthvað líkt því sem þú áttir von á?

Já, það má segja að Ísland hafi staðið undir væntingum. Ég hef alltaf haft gaman að ljósmyndun og gönguferðum og

Ísland er kjörið til hvoru tveggja enda stórkostleg náttúrufegurð. Ég er einnig ánægður með að fá að sjá snjó í fjöllum en það sést ekki mikið af því í Bretlandi þessa dagana.

– Hvernig líkar þér Ísafjörður?

Bara vel. Ég hef hjólað um bæinn í allan dag og tekið myndir af gömlu húsunum sem eru mjög falleg. Mér líkar að skoða mig um í litlum bæjum, þeir eru vingjarnlegri en borgir.

Roger og Anne Gough frá London í Englandi



– Hvað dregur ykkur til Íslands?

Við erum reyndar í fuglaskoðunarferð. Á Íslandi bjóðast margir skemmtilegir möguleikar til að skoða fugla og því slógum við til. Við erum einmitt að fara í Vigur eftir hádegi og okkur hlakkar mikið til.

– Hvers vegna leituðuð þig ekki á suðlægari slóðir um hásumar?

Satt að segja þá líkar okkur illa við hita. Við skoðuðum nokkra möguleika en við töldum að væri áhuga-

verðasti kosturinn væri Ísland.

– Hvaða hugmyndir höfðuð þið um Ísland áður en þið lögðuð af stað?

Við lásum okkur ekki mikið til en vinur okkar, annar fuglaskoðari, kom til Íslands fyrir stuttu og lét af. Hann lét okkur fá lista af fuglum sem hann sá og við erum að reyna hvað við getum til að ná honum og jafnvel bæta um betur.

– Hvernig líkar ykkur svo Ísland og Ísafjörður?

Við vorum vel undirbúinn fyrir ferðina en okkur hafði verið ráðlagt að taka með

okkur úlpur og hlífðarfatnað. Það hefur ekki reynst þörf á því enda hefur veðrið komið skemmtilega á óvart. Við erum líka mjög ánægð með nýtskulegar kirkjur á Íslandi og þá sérstaklega þessa hér á Ísafirði, okkur finnst hún mjög falleg. Ísafjarðarbær er lítill og nota- legur bær sem er mjög gaman að heimsækja. Við komum frá stórborginni London og því er skemmtileg til- breyting að koma í svona lítinn bæ þar sem allir þekkja alla.

Enn stækkar dreifikerfi Vodafone

Vodafone hefur lokið við uppsetningu á þremur nýjum GSM sendistöðvum á Vestfjörðum en þær voru gangsettar um helgina. Tveir sendar voru gangsettir í Arnarfirði og einn á Bíldudal en með þessu næst GSM samband við Arnarfjörð og upp á Hrafnseyrarheiði. Bíldudalssendistöðin þjónustar kaupstaðinn sjálfan en auk þess næst samband upp á Hálfðán, heiðina milli Bíldudals og Tálknafjarðar. Með nýju sendunum næst einnig samband á stórum hluta Dynjandisheiðar. Alls voru ellefu nýjar GSM sendistöðvar voru gangsettar á landinu um helgina en alls hafa 62 nýir sendar frá Vodafone verið teknir í notkun á árinu. Vodafone eru hvergi hættir en þeir ráðgera að setja upp tæplega 80 senda til viðbótar á síðari hluta ársins.

Roger og Lisa Booth frá Cornwall í Englandi

– Hvernig stóð á því að þið komuð til Íslands?

Við höfum alltaf haft áhuga á Íslandi en við höfum aldrei komið hingað áður. Þetta er búið að blunda í okkur í mörg ár en við höfum alltaf verið lúmskt heilluð að þessu dularfulla landi. Við töldum að það gæti verið áhugavert að koma hingað þannig að við ákváðum að slá til.

– Af hverju ferðist þið á norðurslóðir þegar flest fólk fer suður um höf á heitari slóðir?

Þegar fólk verður eldra þá fer það að leita að öðrum hlutum en yngra fólkið. Sólin og strendurnar skipta minna máli og meira máli skiptir að kynnst áhuga-verður stöðum og menningu. Það er gott að vera um borð í svona litlu skipi því það tekur mann á litla og áhugaverða staði sem þennan.

– Hvaða hugmyndir höfðu þið um Ísland áður en þið lögðuð af stað?

Við vissum í raun voðalega lítið. Við höfðum heyrt af Geysi og landslaginu en lítið meira vissum við. Við lásum okkur lítið til en við vissum að við áttum að taka hlý fót með, það hefur ekki reynst þörf á þeim... enn sem komið er.

– Hvað finnst ykkur um Ísland og Ísa-fjörð það er af er liðið ferðinni?

Fyrst og fremst finnst okkur landslagið og náttúran stórbrotin, við vissum ekki að þetta yrði svona fallegt. Birtan kom okkur nokkuð á óvart en við erum ekki vön glampandi sólskini um miðnætti. Við höfum haft gaman af og ekki orðið fyrir vonbrigðum, það er á hreinu.



Peter og Katherine Whiteway frá Sommerset í Englandi

– Hvað dregur ykkur til Íslands?

Við komum til Íslands um sumarið 1995, þá einnig á skemmtiferðaskipi. Okkur líkaði ferðin um Ísland vel og þegar við heyrðum af annari ferð sem myndi heimsækja nokkra staði sem við fórum ekki á þá ákváðum við að slá til.

Hvers vegna ferðuðust þið ekki á suðlægari slóðir þar sem viðrar e.t.v. betur?

Við höfum ferðast um heiminn nokkrum sinn-um þannig að við höfum einnig farið á suðlægjar slóðir. Hinsvegar er okkur ekki mikið gefið fyrir kulda þannig að við ákváðum að koma aftur til Íslands. Stærð skipsins skipti líka miklu máli í vali okkar. Það er ekki stórt, tekur aðeins um 350 farþegar, og því hefur hún möguleika á að komast á staði sem stærri skip komast ekki. Því kemst maður í litla og vingjarnlega bæi sem þennan.

Hafa hlutirnir eitthvað breyst frá því þið komuð hingað árið 1995?

Það kom frekar á óvart hvað verðlag er hátt á Íslandi. Sérstaklega er dýrt að kaupa sér að borða og drekka hérna en við höfum heyrt að það sama eigi við um gistingu þó við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því. Hlutirnir virðast þó ekki hafa mikið breyst við fyrstu sýn. Hið íslenska landslag er jafn stórfenglegt og það var í minninu og landið ótrúlega fallegt. Við vorum heppin með veður árið 1995 en ekkert þessu líkt, það er kannski aðal munurinn fyrir okkur.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Austanátt og rigning öðru hverju, en bjart með köflum og norður- og vesturlandi. Hiti 10-20 stig. **Horfur á laugardag:** Austlæg eða breytileg átt, úrkomulítið og fremur hlýtt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Austlæg eða breytileg átt, úrkomulítið og fremur hlýtt í veðri.



Sælkeri vikunnar er Kristín Guðmundsdóttir á Ísafirði

Tómatssúpa með brauði

Sælkeri vikunnar býður upp á tómatsúpu með beikoni, sveppum og lauk. Einnig býður hún upp á heimabakað brauð. Til að setja punktinn yfir i-ið býður hún upp á góðan eftirrætt; ostaköku með súkkulaðiskel.

atmauk
U.þ.b. 600 g hveiti

Hnoðað saman og mótað í brauð. Penslað með matarolíu. Látið hefast í 30 mín. Frjálst að setja ólífur, beikon, pepperóní, lauk eða hvað sem er ofan á fyrir bakstur.

Tómatssúpa	Ostakaka með súkkulaðiskel
1 dós campells tómatsúpa 1/2 l matreiðslurjómi 1/2 l vatn Beikon Sveppir 1/2 laukur 1 grænmetisteningur Beikon, sveppir og laukur steikt á pönnu og sett út í súpu. Ef súpan er of þykk má þynna hana með vatni	<i>Botn</i> 1 pk hafrakex, mulið 2 msk púðursykur Hrært saman og sett í form <i>Fylling</i> 400 g rjómaostur, þeyta þar til hann er mjúkur 4 dl rjómi, þeyttur Blandað saman og helt yfir botninn <i>Ofan á</i> 200 g suðusúkkulaði 1 dós sýrður rjómi Brætt saman og hellt yfir fyllinguna <i>Ég skora á Auði Guðjónsdóttur Ísafirði að verða næsti sælkeri vikunnar.</i>

Brauð
1 bréf þurrger
3 dl volg mjólkurblanda
2 msk sykurl
1 tsk salt
0,7 dl matarolíu
1 egg
Pestómauk eða annað tóm-

Óskar eftir svörum um póstmál

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi, hefur óskað svara frá samgönguráðherra um hvernig hann ætli að bregðast við kærnu Vesturbyggðar og Reykhólahrepps vegna áforma Íslandspósts um fækkun viku-legra póstburðardaga. Jón fékk ekki fyrir þinglok svör við fyrirspurn sinni til samgönguráðherra um lokun pósta-fgreiðslna og fækkun póstburðadaga á nokkrum stöðum á landsbyggðinni. Jón lagði fyrirspurnina síðast fram 23. maí og óskaði þá eftir skriflegu svari frá samgönguráðherra. Jón spyr ráðherra hvort orðið hafi stefnubreyting af hálfu stjórnvalda hvað varði póstdreifingu og starfrækslu pósta-fgreiðslna, einkum í

dreifbýli. Hann spyr ráðherra einnig hvort honum sé kunnugt um að Íslandspóstur áformi að fækka póstburðardögum víðar og ef svo sé, þá hvar.

Í fjórða lagi spyr þingmaðurinn hve mörgum pósta-fgreiðslum hafi verið lokað síðustu tvö ár, hvar þær hafi verið og hvaða pósta-fgreiðslum Íslandspóstur áformi að loka á næstu mánuðum og misserum. Í fimmta og síðasta lagi spyr Jón ráðherra hvernig hann hyggist bregðast við áformum um lokun pósta-fgreiðslna, t.d. í Varmahlíð, Reykholti í Borgarfirði og víðar.

Jón segir djúpt á svörum frá samgönguráðherra og héðan af berist þau tæplega fyrr en í haust.





Lambalærisssneiðar NZ Style

1.985 kr/kg **GODI**

Verð áður 2.645 kr/kg



Glæsileg sumartilboð í júlí

Gildir dagana 3. - 6. júlí



Goða grillpylsur

899 kr/kg

Verð áður 1.209 kr/kg



Kjulla BBQ leggir

469 kr/kg

Verð áður 626 kr/kg



Svali 3 x 250ml

89 kr

Verð áður 129 kr



Bakaðar baunir 425g

49 kr

Verð áður 69 kr



Safaríkar nektarínur 1kg

349 kr/askjan

Verð áður 559 kr

Samkaup **úrval**

Birt með fyrirvara um prentvillur

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Grundaarfjörður • Hafnarfjörður • Húsvík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd